

Borgum v/ Norðurslóð  
600 Akureyri  
Sími 460-8900 Fax 460-8919  
rha@unak.is  
<http://www.rha.is>



## **FORVARNARSTARF AKUREYRARBÆJAR**

*Ytra mat*

*Mái 2021*

*Höfundar*

*Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir*

*Anna Soffía Víkingsdóttir*

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2021

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-05-2021

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

## ***Skýrsla unnin fyrir Akureyrarbæ***

## EFNISYFIRLIT

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR.....</b>	<b>1</b>
<b>2.</b>	<b>STAÐA FORVARNARMÁLA .....</b>	<b>2</b>
2.1.	FORVARNASTEFNA AKUREYRARBÆJAR.....	2
2.2.	MÆLABORÐIÐ.....	5
2.3.	VERKEFNI SEM TENGJAST FORVARNARSTARFINU .....	5
2.4.	FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR OG GRUNNSKÓLAR.....	9
2.5.	SKÓLASMÍÐJAN .....	14
2.6.	UNGMENNAHÚS.....	14
2.7.	VIRKIÐ.....	16
<b>3.</b>	<b>GÖGN OG AÐFERÐIR.....</b>	<b>18</b>
<b>4.</b>	<b>MAT Á FORVARNAR- OG FRÆÐSLUSTARFI.....</b>	<b>20</b>
4.1.	HLUTVERK FORVARNA- OG FÉLAGSMÁLARÁÐGJAFNA .....	20
4.2.	FRÆÐSLUSTARF - TENGL OG SAMVINNA FÉLAGSMIÐSTÖÐVANNA OG GRUNNSKÓLANNA .	24
4.3.	STEFNUR Í MÁLAFLOKKNUM OG SAMÞÆTTING ÞEIRRA .....	30
<b>5.</b>	<b>UMRÆÐA .....</b>	<b>33</b>
<b>6.</b>	<b>SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM.....</b>	<b>39</b>
<b>7.</b>	<b>ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR.....</b>	<b>41</b>
<b>8.</b>	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>42</b>
<b>9.</b>	<b>VIÐAUKAR.....</b>	<b>45</b>

## MYNDAYFIRLIT

Mynd 1: Skýringarmynd: Stefna og meginmarkmið. ....	3
Mynd 2: Skýringarmynd: verkefni forvarna- og frístundadeildar .....	4
Mynd 3: Birgir Jakobsson landlæknir og Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri (Embætti landlæknis, 2015) .....	6
Mynd 4: Heilsueflandi samfélag, aðlöguð útgáfa Embættis landlæknis 2019 (Embætti landlæknis, 2018).....	6
Mynd 5: Fulltrúar frá Ungmennafélagi Akureyrar, ásamt bæjarstjóra, félags- og barnamálaráðherra og framkvæmdarstjóra UNICEF á Íslandi. Frá afhendingu viðurkenningar um barnvænt sveitarfélag (Stjórnarráð Íslands, 2020). ....	8
Mynd 6. Fjöldi nemenda á miðstigi og unglingastigi í grunnskólum á Akureyri skólaárið 2020-2021.....	11
Mynd 7. Trója að fara af stað með starfið 1. mars 2021 eftir afléttingu samkomutakmarkana (heimild fréttabréf Tróju). ....	21
Mynd 8. Félagsmiðstöðvarstarf, mynd tekin af heimasíður Akureyrarbæjar .....	24
Mynd 9. Ungmennahús auglýsir Nördaklúbb (mynd tekin af Facebook síðu Ungmennahúss).....	29

## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Starfshlutfall námsráðgjafa .....	13
--------------------------------------------	----

## 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum ytra mats á forvarnarstarfi Akureyrarbæjar sem unnið er á vegum samfélagssviðs. Markmið ytra matsins er að kanna hvernig forvarnarstarfi ungs fólks er háttað á Akureyri. Við matið var einkum horft til eftirfarandi þátta:

- Starfsemi félagsmiðstöðva Akureyrarbæjar, einkum horft til þjónustu við 10-18 ára ungmenni sem nota þjónustu félagsmiðstöðvanna, Ungmennahúss og Virkisins.
- Forvarna- og fræðslustarf, tengsl og samvinna félagsmiðstöðvanna og grunnskólanna ásamt aðstöðu til félags- og forvarnarstarfs.
- Stefnur í málaflokknum og samþættingu þeirra.

Matið nær einkum til ofangreindra þátta en ávallt er skörun við aðra þætti forvarnarstarfsins og verkefni samstarfsaðila. Matinu er ætlað að vera leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðla að auknum gæðum. Markmið ytra mats er að:

- Veita upplýsingar um faglegt starf, árangur þess og þróun.
- Veita upplýsingar um að starfsemi sé í samræmi við starfsáætlanir, stefnur, lög og reglur.
- Auka gæði starfsins og stuðla að umbótum.
- Varpa ljósi á það hvort réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á.

Niðurstöðunum er ætlað að nýtast til þess að efla og styðja starfsfólk í umbótum á eigin starfi og hvetja til áframhaldandi og eða betri starfshátta og þróunar á starfinu.

Við matið á forvarnarstarfinu var lögð áhersla á annars stigs forvarnir. Annars stigs forvarnir eru hér skilgreindar sem forvarnir sem miða að fyrirbyggjandi aðgerðum áður en vandinn verður svo stór að leita verður til fagaðila svo sem heilsugæslunnar eða barnaverndar.

Að lokum er gerð samantekt með tillögum til úrbóta. Enn fremur eru lagðar fram nokkrar tillögur að mælikvörðum á forvarnarstarfinu með það í huga að hægt sé að gera reglulegar mælingar á forvarnarstarfi án þess að fara í umfangsmikið mat á starfseminni.

## 2. STAÐA FORVARNARMÁLA

### 2.1. *Forvarnastefna Akureyrarbæjar*

Forvarnastefna Akureyrarbæjar var samþykkt 2011 og átti endurskoðun að fara fram 2015. Eftirfarandi þættir eru hafðir að leiðarljósi í stefnunni frá 2011:

- Foreldrar gegna lykilhlutverki.
- Jákvæð og sterk sjálfsmynd – virðing fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Heilbrigðir lífshættir – heilsueflandi samfélag.
- Greiður aðgangur að íþrótt-, lista- og tómstundastarfi.

Markmið stefnunnar er að standa vörð um hagsmuni barna og unglunga og tryggja uppeldisskilyrði þeirra.

Ný drög að stefnu Akureyrarbæjar í forvarna- og lýðheilsumálum fyrir tímabilið 2019-2023 er í vinnslu. Búið er að kynna drögin fyrir frístundaráði en fullbúin stefna hefur ekki verið samþykkt. Helsta breyting frá eldri stefnu er að ný drög að stefnu byggja á mun breiðari grunni og ná til mun stærri hóps en gildandi stefna. Þannig hefur forvarnarstarfið verið opnað upp og nær nú til alls samfélagsins en ekki einungis til barna og ungmenna eins og í gildandi stefnu. Í nýju drögnum er mikil áhersla lögð á Heilsueflandi samfélag og lýðheilsu auk þess sem tekið er mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og annarra stefna Akureyrarbæjar. Þá er horft til margvíslegra rannsóknaniðurstaðna í málaflokknum sem og lýðheilsuvísa Embættis landlæknis í þeim tilgangi að ná sem heildstæðastri mynd af lýðheilsu samfélagsins. Lögð er áhersla á að forgangsröðun verkefna skuli taka mið af nýjustu rannsóknum á hverjum tíma t.d. niðurstöðum frá Rannsóknum og greiningu sem og áherslum Heilsueflandi samfélags sem setur grunntóninn í drögnum að stefnunni (Akureyrarbær, e.d.-b).

Áherslur forvarnastefnunnar birtast í framkvæmdaáætlun sem unnin er annað hvert ár, sú sem unnið er eftir núna er framkvæmdaáætlun forvarna 2018-2019. Markmiðið með framkvæmdaáætlun forvarna er að styðja við þá sem vinna með börnum og unglingum. Þar segir m.a.: „Foreldrar gegna lykilhlutverki í forvörnum og lögð er áhersla á að styðja þá í hlutverki sínu. Velferð barna og ungmenna er á ábyrgð allra í samfélaginu.“ Almennar aðgerðir lúta m.a. að útivistarreglum, skjánotkun og þátttöku ungmenna í frístundastarfi. Þá eru listaðir upp fjórir ólíkir uppeldishættir foreldra sem

fræðimenn styðjast við. Í framkvæmdaáætluninni er jafnframt yfirlit yfir forvarnir sem viðhafðar eru frá fæðingu til 18 ára aldurs og hvaða aðilar bera ábyrgð á hverjum þætti (Akureyrarbær, 2018).


Samfélagssvið ber ábyrgð á forvarnastefnu bæjarins og framfylgd hennar í samstarfi við velferðar- og fræðslusvið. Innan samfélagssviðs starfar forvarna- og frístundadeild sem forstöðumaður forvarna og frístunda stýrir. Þar undir starfa forvarna- og frístundaráðgjafar í samstarfi við grunnskóla bæjarins og teymi sérfræðinga sem kemur að forvarnarmálum á einn eða annan hátt. Mynd 1 er fengin frá samfélagssviði og er ætlað að gefa mynd af samspili stefnu í forvarnarmálum og ábyrgð sviðs og deildar innan málaflokksins.



Mynd 1: Skýringarmynd: Stefna og meginmarkmið.

Innan samfélagssviðs er stefnan í málafloknum mörkuð, þar er unnin starfs- og fjárhagsáætlun, forvarnastefna og samþykktir um starfsemi félagsmiðstöðva (sem eru í vinnslu) ásamt fleiru. Undir samfélagssviði er forvarna- og frístundadeild sem forstöðumaður forvarna- og frístunda stýrir. Forvarna- og frístundadeildin hefur með höndum margvísleg verkefni og ber þar helst að nefna FÉLAK (félagsmiðstöðvar grunnskólanna), Ungmennahús og Virkið. Að auki má nefna Vinnuskóla Akureyrarbæjar, ýmis atvinnutengd úrræði, sumarnámskeið og starfstengt nám.





Mynd 2: Skýringarmynd: verkefni forvarna- og frístundadeildar

Mynd 2 sýnir verkefni forvarna- og frístundadeildar og þau verkefni sem ganga þvert á allan aldur, þ.e. framkvæmdaáætlun forvarna, Barnvænt sveitarfélag, Heilsueflandi samfélag og Litla- og Stóra forvarnarteymið.

Rannsóknir hafa sýnt að forvarnir eru góð fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka til samfélagsins, bæði í krónum talið og í meiri hamingju og bættri heilsu. Björn Brynjúlfur Björnsson hagfræðingur vann mat á fjárhagslegum ávinningi þeirra breytinga sem farsældarfrumvarp félags- og barnamálaráðherra felur í sér og segir það vera arðbæra langtímafjárfestingu (Lovísa Arnardóttir, 2020). Að lokum er vert að benda á rannsókn sem gerð var á kostnaði samfélagsins vegna áfengis- og vímuefnaneyslu en þar kemur fram að kostnaður samfélagsins vegna neyslu áfengis og annara vímuefna var 1,8% af landsframleiðslu árið 2019 sem er svipað og erlendar rannsóknir hafa sýnt. Hér var einungis verið að skoða áþreifanlegan kostnað. Óáþreifanlegur kostnaður samfélagsins sem birtist m.a. í þjáningu og sársauka verður ekki metinn til fjár (Jóhanna Líf Halldórsdóttir, 2020).

## **2.2. Mælaborðið**

Ljóst er að ýmsar breytingar eru í farvatninu t.d. með nýju frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, frá félags- og barnamálaráðherra (þingskjal nr. 440/2020-2021). Þá er Akureyrarbær, sem hluti af barnvænum sveitarfélögum á Íslandi, að taka í notkun mælaborð þar sem upplýsingum er safnað á einn stað um velferð og stöðu barna og ungmenna innan sveitarfélagsins. Mælaborðið hefur að geyma gögn frá m.a. Rannsóknnum og greiningu, Skólavoginni og Embætti landlæknis. Mælaborðið kemur til með að þjóna mikilvægum tilgangi þar sem gögnum er þar safnað saman á einn stað. Þannig fæst yfirsýn og auðveldara verður að fylgjast með þróun yfir lengri tíma og grípa til aðgerða eða sértækra úrræða ef niðurstöðurnar eru á þann veg. Mælaborðið byggir á fimm víddum, sem eru menntun, jafnræði, heilsa og vellíðan, öryggi og vernd og samfélagsleg þátttaka. Þessar víddir tengjast grunnstoðum Barnasáttmálans sem betur verður fjallað um síðar í skýrslunni (Mælaborð um velferð barna). Þróun mælaborðsins er ekki lokið en ljóst er að það mun hafa leiðbeinandi hlutverk í áherslum í forvörnum á hverjum tíma.

## **2.3. Verkefni sem tengjast forvarnarstarfinu**

Í þessum kafla verður farið stuttlega yfir þau verkefni sem óneitanlega tengjast forvarnarstarfi bæjarins jafnvel þótt þau tilheyri ekki forvarna- og frístundadeild.

### **Heilsueflandi samfélag**

Heilsueflandi samfélag er verkefni íþróttadeildar en hefur áhrif á forvarnarstarfið engu að síður þar sem horft er til þess í starfinu í dag. Akureyrarbær undirritaði samstarfssamning við Landlæknisembættið um Heilsueflandi samfélag á Akureyri þann 28. ágúst 2015 og varð þar með sjöunda sveitarfélagið á Íslandi til þess að taka þátt í verkefninu. Með samkomulaginu skuldbindur bærinn sig til að efla lýðheilsu og lífsgæði íbúanna á markvissan hátt (Embætti landlæknis, 2015).



Mynd 3: Birgir Jakobsson landlæknir og Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri (Embætti landlæknis, 2015)

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er skilgreint á vef Landlæknisembættisins (2018) „að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.“ Þá segir enn fremur: „Holla valið þarf að vera eins auðvelt og kostur er s.s. að hreyfa sig, borða hollt, rækta geðið og ástunda grænan lífsstíll á sama tíma og spornað er gegn áhættuhegðun s.s. neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.“ Stuðningur við starf Heilsueflandi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er mikilvægur liður í starfi Heilsueflandi samfélags sem gefur grunntóninn fyrir forvarnastefnu bæjarins sem nú liggur fyrir í drögum.



Áhrifaþættir heilbrigðis og vellíðanar, Dahlgren og Whitehead (1991), aðlöguð útgáfa Embættis landlæknis 2019 (3.0).

Mynd 4: Heilsueflandi samfélag, aðlöguð útgáfa Embættis landlæknis 2019 (Embætti landlæknis, 2018).

Þegar unnið er markvisst lýðheilsustarf eru notaðir lýðheilsuvísar og ýmis önnur gögn til byggja brú á milli rannsóknargagna og aðgerða þannig að hægt sé að meta stöðuna hverju sinni og forgangsraða út frá þörfum hvers samfélags. Dæmi um rannsóknargögn sem lýðheilsuvísar byggja á eru *Ungt fólk* framkvæmt af Rannsóknum og greiningu og *Heilsa og lífskjör skólanema* framkvæmt af Háskólanum á Akureyri (Embætti landlæknis, 2020).

Innleiðing Heilsueflandi samfélags og Heilsueflandi skóla rímar vel við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en það virkar í báðar áttir. Verkefnastjórn Heimsmarkmiðanna og Embætti landlæknis vinna saman að innleiðingu Heimsmarkmiðanna í starf Heilsueflandi samfélags. Markmiðið með því er að auka vitundarvakningu á meðal sveitarfélaga og almennings um Heimsmarkmiðin, sjálfbæra þróun og áhrifaþætti heilsu og vellíðanar (Embætti landlæknis, 2018).

### Heilsueflandi grunnskóli

Verkefnið Heilsueflandi grunnskóli er verkefni grunnskólanna sjálfra, sem heyra undir fræðsluvið. Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað um samspil menntunar, heilsu og forvarna. Mikið samstarf er á milli forvarnateymisins og skólanna og því er fjallað hér stuttlega um Heilsueflandi grunnskóla. Undanfarna tvo áratugi hafa komið fram margvíslegar áætlanir um að allt skólastarf sé í anda heilsueflingar. Lögð er áhersla á að horfa heildstætt á skólastarfið og að heilsueflandi stefna sé samtvinnuð skólastarfinu. Á vef Landlæknisembættisins segir:

Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar koma sér upp heilðrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild<sup>1</sup>.

Áhersluþættir Heilsueflandi grunnskóla eru átta talsins: Nemendur, mataræði & tannheilsa, lífsleikni, heimili, nærsamfélag, hreyfing & öryggi, geðrækt og starfsfólk. (Embætti landlæknis, 2017).

---

<sup>1</sup> [https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi\\_grunnskoli](https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli)

Í Íþróttastefnu Akureyrar kemur fram að stefnan sé að auka vægi íþróttaverulega innan skólakerfisins og að það verði m.a. gert með samþættingu og samstarfi íþróttanna og skóla. Þær aðgerðir sem lagðar eru til eru í 12 liðum. Má þar nefna að allir skólar á Akureyri verði Heilsueflandi skólar. Þá er einnig lagt til að áhersla verði á góðar fyrirmyndir og fræðslu um heilbrigðan lífstíl og að þessir þættir verði hluti af skólastarfinu. Mataræði, hreyfing, líkamsvirðing og geðheilbrigði eru nefnd sem lykilþættir í þessu samhengi (Íþróttabandalag Akureyrar, 2017). Þrjú grunnskólar á Akureyri eru Heilsueflandi grunnskólar en það eru Lundarskóli, Giljaskóli og Oddeyrarskóli.

### Barnvænt sveitarfélag

Akureyri varð fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að hljóta viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag. Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri tók við viðurkenningunni þann 26. maí 2020 frá Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra og Birnu Þórarinsdóttur, framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi.



Mynd 5: Fulltrúar frá Ungmennafélagi Akureyrar, ásamt bæjarstjóra, félags- og barnamálaráðherra og framkvæmdarstjóra UNICEF á Íslandi. Frá afhendingu viðurkenningar um barnvænt sveitarfélag (Stjórnarráð Íslands, 2020).

Í frétt á vefsíðu Stjórnarráðsins 27. maí 2020 segir um viðurkenninguna: „Í viðurkenningunni felast þakkir til sveitarfélagsins fyrir að hafa unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnslu og starfsemi bæjarins, með hagsmuni allra barna og ungmenna sveitarfélagsins að leiðarljósi.<sup>2</sup>“ Viðurkenningin er veitt til þriggja ára í senn og í henni felst að Akureyri leggur Barnasáttmálann til grundvallar í öllu sínu starfi. Sveitarfélagið hefur innleitt mörg ný verkefni í samstarfi við ungmennaráð bæjarins (Stjórnarráð Íslands, 2020).

Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar vegna umsóknar um viðurkenninguna þótti metnaðarfull. Í áætluninni er unnið þvert á svið bæjarins. Sem dæmi um tvær aðgerðir innan áætlunarinnar sem snúa að forvörnum má nefna geðheilbrigðismál ungmenna og að raddir barna heyrist, þ.e. að þau fái meira um það að segja hvaða fræðslu þau fá (Akureyrarbær, 2019-c). Sveitarfélagið hefur starfandi verkefnastjóra barnvæns sveitarfélags enda verkefninu hvergi nærri lokið. Þegar hefur verið hafist handa við undirbúning á næsta hring innleiðingarferlisins en viðurkenning barnvænna sveitarfélaga er tímabundin eins og áður sagði og hana þarf að endurnýja reglulega (Stjórnarráð Íslands, 2020). Lokaskýrslu vegna barnvæns sveitarfélags má nálgast hér<sup>3</sup>

Nefna má tvö dæmi um verkefni sem stuðla að virkni og félagstengslum og eru liður í fjölbreyttu framboði og nálgun í forvarnarstarfi og taka jafnframt mið af aðgerðaáætlun barnvæns sveitarfélags. Þessi verkefni eru Barnamenningarhátíð og Líkamsvirðing og er hið síðarnefnda hluti af félagsmiðstöðvarstarfi, sem er efni næsta kafla.

#### **2.4. Félagsmiðstöðvar og grunnskólar**

Á Akureyri eru fimm félagsmiðstöðvar starfræktar í samstarfi við sjö grunnskóla og er starfið ætlað 5. til 10. bekk. Giljaskóli starfrækir Dimmuborgir, Glerárskóli Himnaríki, Oddeyrarskóli Stjörnuríki, Síðuskóli Undirheima og Naustaskóli Naustaskjól. Þá starfrækja Brekku- og Lundarskóli sameiginlega félagsmiðstöðina Tróju í Rósenborg. Forvarna- og félagsmálafulltrúi starfar við hverja félagsmiðstöð og tveir sérfræðingar á miðstigi vinna með öllum grunnskólunum. Að auki starfa starfsmenn í tímavinnu sem

---

<sup>2</sup><https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/05/27/Akureyrarbaer-hlytur-vidurkenningu-sem-fyrsta-barnvaena-sveitarfelagid-a-Islandi/>

<sup>3</sup><https://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Barnvaent/lokaskyrsla-barnvaens-sveitarfelags-akureyri.pdf>

aðstoða ráðgjafana við hverja félagsmiðstöð. Starfsmenn sinna einnig Hlíðarskóla og Hríseyjarskóla reglulega (Akureyrarbær, 2019).

Félagsmiðstöðvar á Íslandi starfa samkvæmt 1. grein æskulýðslaga nr. 70/2007: „Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunargildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda“<sup>4</sup>. Í handbók FÉLAK kemur fram að starfið eigi að hafa menntunargildi, afþreyingargildi og forvarnargildi. Menntunargildið byggist á óformlegri menntun og reynslunámi en börn og unglingar eiga að fá tækifæri til fjölbreyttra og skapandi verkefna. Starfið á að vera að miklu leyti mótað af þátttakendum sjálfum, sem kallar á ábyrgð og frumkvæði þeirra. Afþreyingargildið felst í því að leitast er við að skapa umhverfi þar sem börn og unglingar geta, undir handleiðslu fagfólks, tekið næsta skref í þroska sínum til þess að móta samfélagið sem þau vilja búa í. Forvarnargildið felst í því að fagfólk í félagsmiðstöðvunum, með reynslu og sérþekkingu, skapi uppbyggilega aðstöðu og viðhafi þroskandi starf til þess að styrkja sjálfsmynd unglínganna, sem síðan hjálpar þeim að taka uppbyggilegar ákvarðanir.

Meginmarkmiðið með starfsemi félagsmiðstöðva, samkvæmt handbók FÉLAK, er að mæta þörfum barna og unglíngna á aldrinum 10-16 ára með frítímastarfi og sértækum verkefnum. Áhersla er lögð á að styrkja félagsþroska og samskiptafærni, efla sjálfsmynd og auka virkni barna og unglíngna í samfélaginu. Lykillinn að því er fjölbreytt og skemmtilegt starf sem nær til þeirra áhugasviða. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra sem þarfnast félagslegs stuðnings og þeirra sem þurfa að efla félagslega virkni sína með aðstoð námsráðgjafa skólanna (Akureyrarbær, e.d.-c). Á miðstigi, í 5.-7. bekk, er opið hús, síðdegis, í félagsmiðstöðvunum. Fyrir unglíngastig er kvöldstarf, í formi opins húss. Fjöldmörg verkefni eru unnin innan félagsmiðstöðvanna undir formerkjum lýðræðislegrar þátttöku og frjáls leiks en með markvissum vinnubrögðum sem styðja við markmið með starfinu. Sem dæmi má nefna hæfileikakeppnir, söngvakeppnir, óvissuferðir, spurningakeppnir, íþróttamót og ýmsar keppnir í samstarfi við Samfés. Enn fremur er fjölbreytt klúbbastarf hluti af starfsemi félagsmiðstöðvanna (Akureyrarbær, 2019-a).


Sumarstarf FÉLAK felst í samstarfi við vinnuskóla Akureyrar, umsjón með atvinnuátaki bæjarins fyrir 18-25 ára ungmenni, ásamt fræðslu og leikjanámskeiðum

---

<sup>4</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007070.html>

fyrir miðstigi. Krökkum í vinnuskólanum hefur staðið til boða að taka þátt í Sjávarútvegsskólanum eða Fjölmíðlaskólanum. Enn fremur hefur ýmis önnur fræðsla staðið ungmennunum til boða sem er þá ýmist veitt af forvarna- og félagsmálaráðgjöfum eða utanaðkomandi aðilum (Akureyrarbær, 2019-a).

Í grunnskólum Akureyrar stunduðu 1.687 nemendur nám á mið- og unglingastigi skólaárið 2020-2021. Á mynd 8 má sjá fjölda nemenda á miðstigi annars vegar og unglingastigi hins vegar samkvæmt tölum frá fræðsluviði.



Mynd 6. Fjöldi nemenda á miðstigi og unglingastigi í grunnskólum á Akureyri skólaárið 2020-2021.

### Forvarna- og félagsmálaráðgjafar

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar mynda með sér forvarnateymi sem hefur yfirsýn yfir málaflokkinn og vinnur að sameiginlegum markmiðum. Í teyminu eru jafnframt ráðgjafar sem sinna miðstigi grunnskólanna. Í því samstarfi verður til þekking og reynsla vegna fjölbreyttrar uppeldisfagþekkingar starfsmanna sem á sér grunn í tólstunda- og félagsmálafræði. Ráðgjafarnir eru allir með aðstöðu á sama stað deila með sér verkefnum og ábyrgð. Samkvæmt handbók FÉLAK eru ábyrgðarsvið og helstu verkefni forvarna- og félagsmálaráðgjafa eftirfarandi:

- Vinna að forvörnum á vegum sveitarfélagsins.
- Geta stutt við og haldið utan um fjölbreytt hópastarf.



- Geta sinnt verkefna- og viðburðastjórnun með börnum og unglíngum.
- Vinna við sértækt hópastarf með einstaklingum með ýmiskonar vanda.
- Þátttaka í öllu starfi FÉLAK.
- Undirbúningur og framkvæmd á forvarnafræðslu í samvinnu við aðra.
- Skráning, utanumhald og þróun á hópastarfi og samvinnu aðila vegna þess.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar bera ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd forvarnar- og félagsmiðstöðvastarfs fyrir börn og unglínga í samræmi við markaða stefnu í forvarnarmálum á hverjum tíma. Hver grunnskóli hefur sinn forvarna- og félagsmálaráðgjafa sem tengilið og náinn samstarfsmann. (Akureyrarbær, e.d.-c; Akureyrarbær, 2021-b). Forvarna- og félagsmálaráðgjafar sinna bæði almennu forvarnarstarfi í samráði við grunnskólana á Akureyri og halda uppi fjölbreyttu félagsmiðstöðvastarfi. Starfið er að mörgu leyti samofið þar sem félagsmiðstöðvastarfið er einnig forvarnarstarf. Forvarnarhlutinn er fræðslustarf þar sem forvarna- og félagsmálafulltrúar fara með fræðsluerindi inn í grunnskólana. Þess er gætt að öllum grunnskólanemendum á Akureyri standi til boða sömu fræðsluerindi. Meðal sameiginlegra verkefna þeirra er upplýsingabæklingur fyrir foreldra um fræðslu fyrir grunnskólanema, sjá viðauka 2. Fréttabréf með dagskrá er sent mánaðarlega til foreldra. Þá er upplýsingum um ýmislegt tengt forvörnum, fræðslu og félagsmiðstöðvastarfi til foreldra komið á framfæri í gegnum Mentor kerfið eða tölvupóst. Vefsíður skólanna hafa einnig að geyma upplýsingar til foreldra um starfsemi félagsmiðstöðvanna (Akureyrarbær, 2019-a).

Annar mikilvægur þáttur í starfi forvarna- og félagsmálafulltrúa er svokallað leitarstarf<sup>5</sup> sem felst í því að finna börn og ungmenni sem skortir stuðning og félagslegt net. Það starf fer fram í grunnskólum, í félagsmiðstöðvum og á „götum“ bæjarins. Markmiðið er að grípa sem fyrst inn í og beina börnunum inn í starf félagsmiðstöðvanna.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir halda úti opnum kvöldum, klúbbastarfi og sértæku hópastarfi. Þetta sértæka hópastarf er annars vegar í samráði við barnavernd og hins vegar í samstarfi við skólana þar sem búnir eru til ákveðnir hópar út frá

---

<sup>5</sup> Leitarstarf er sá þáttur starfseminnar sem miðar að því að finna þá unglínga sem teljast til áhættuhóps. Í þeim hópi eru m.a. unglíngar sem ekki eru í öðru félagsstarfi, búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða eru illa staddir félagslega o.s.frv. Leiðir: 1. Að vinna með forvarnateymi, sem vinnur að málefnum barna og unglínga. 2. Að vera í góðu sambandi við starfsfólk grunnskóla. 3. Að leita nýrra leiða til að ná til þeirra ungmenna sem ekki hafa skilað sér í félagsstarf (Samfélags- og mannréttindaráð, 2010).

ábendingum frá kennurum. Einnig eru ráðgjafar miðstígs kallaðir inn í einstaklingsráðgjöf eða ráðgjöf við hópa í bekkjum og þá er sérstaklega verið að vinna með samskipti. Forvarna- og félagsmálaráðgjafar eru með viðveru í sínum skóla einu sinni í viku í tvo tíma í senn sem nýttur er til samstarfs við námsráðgjafa og aðra starfsmenn eftir því sem við á hverju sinni. Enn fremur ræða þeir við börnin í frímínútum til að auka tengslin á milli skóla og félagsmiðstöðva. Þessu til viðbótar má nefna að í grunnskólum Akureyrar er boðið upp á valgreinina félagsmálafræði sem ætlað er nemendum í 9. og 10. bekk (Akureyrarbær, 2019-a).

### Námsráðgjafar

Námsráðgjafar starfa í flestum grunnskólum á Akureyri en starfshlutfall við hvern skóla er misjafnt enda skólarnir misfjölmennir, sjá töflu 1.

Tafla 1. Starfshlutfall námsráðgjafa

Skóli	Hlutfall
Brekkuskóli	88%
Giljaskóli	75%
Glerárskóli	55%
Hlíðarskóli	100%
Hrísey	0%
Lundarskóli	88%
Naustaskóli	75%
Oddeyraskóli	55%
Síðuskóli	75%

Námsráðgjafar eru tengiliðir forvarna- og félagsmálaráðgjafa inn í skólana. Eitt af hlutverkum námsráðgjafa er að beina börnum og unglíngum sem skortir félagslega hæfni, þroska og virkni til forvarna- og félagsmálaráðgjafa. Námsráðgjafar fara með fræðsluerindi inn í bekki og vinna með kennurum og hjúkrunarfræðingum. Námsráðgjafar sitja einnig fundi með forvarna- og félagsmálaráðgjöfum og koma m.a. að vinnu við forvarnaráætlun (Akureyrarbær, 2020-b).

## **2.5. Skólasmiðjan**

Skólasmiðjan hefur starfað frá árinu 2014 í þeirri mynd sem hún gerir í dag en um er að ræða úrræði sem er unnið í samstarfi fræðsluviðs, velferðarsviðs og samfélagssviðs. Verkefnisstjórn Skólasmiðju samanstendur af forstöðumanni forvarna- og frístundamála og starfsfólki barnaverndar, skólþjónustu og grunnskóla. Verkefnisstjóri Skólasmiðju kemur frá samfélagssviði og vinnur með verkefnisstjórn. Markmiðið með Skólasmiðjunni er að mæta nemendum sem glíma við skólaleiða, sækja skólann lítið og hafa fengið önnur úrræði sem ekki hafa borið árangur (Akureyrarbær, e.d.-d; Akureyrarbær, e.d.-c).

Verkefnisstjórn tekur á móti umsóknum sem unnar eru af foreldrum viðkomandi barns í samráði við barnavernd og heimaskóla. Þegar umsókn hefur verið samþykkt skipar verkefnisstjórn Skólasmiðju teymi um mál barnsins. Gerð er þrepaskipt áætlun um markmið barnsins með Skólasmiðju. Barnið fær mikla sérsniðna persónulega þjónustu sem miðar að því að bæta líðan og stöðu þess. Áhersla er lögð á að styðja barnið í því sem vel gengur í skólanum og að það haldi sem mestum tengslum við hann (Akureyrarbær, e.d.-d; Akureyrarbær, e.d.-c).

Skólasmiðjan hefur pláss fyrir 10 nemendur á hverjum tíma með ígildi 30 kennslustunda á viku í heildina. Tímafjöldi í hverri smiðju getur verið fleiri en 4 klst. og færri en 2 klst. á viku. Fjöldi klukkustunda er breytilegur eftir tímabilum, oftast mestur í byrjun en fer svo minnkandi eftir því sem á líður.

Þjónustan er veitt af starfsfólki forvarna- og frístundamála og allir forvarna- og félagsmálaráðgjafar taka þátt í verkefninu (Akureyrarbær, e.d.-d; Akureyrarbær, e.d.-c). Samkvæmt upplýsingum frá forvarna- og frístundadeild er Skólasmiðjan fullsetin og stundum er biðlisti.

## **2.6. Ungmennahús**

Ungmennahús á sér langan aðdraganda og má rekja sögu þess allt aftur til 1970 þegar Dynheimar voru stofnaðir en þeir urðu til fyrir ungt fólk, 16 ára og eldri. Kompaníið opnaði í Dynheimum árið 1997 og starfaði þar uns það flutti í Rósenborg 2006 og fékk nafnið í Ungmennahús (ónafngreind, munnleg heimild, 23. mars 2021). Sérstök áhersla er lögð á aldurinn 16-18 ára eða framhaldsskólaaldurinn.

Í Ungmennahúsi er boðið upp á fjölbreytt lista- og menningarstarf, tómstundastarf, þátttöku af ýmsu tagi með sjálfssprottnum hópum eða skipulögðu starfi. Þátttakan er undir handleiðslu fagmenntaðs, fullorðins starfsmanns, sem hefur forvarnagildi. Einnig hefur Ungmennahúsið verið hugsað sem lágþröskuldaúrræði þar sem fyrsta viðtal um einhverskonar vanda á sér stað. Starfsfólk Ungmennahúss veitir fjölbreytta, almenna ráðgjöf og getur stutt ungmenni inn í frekari stuðningsúrræði ef þörf er á, s.s. Virkið (Akureyrarbær, 2019-b). Starfsemin skiptist í nokkra meginþætti:

- Virkið – ráðgjöf og stuðningur, forvarnir og samskipti.
- Opið starf - ýmsir hópar, lokaðir hópar, opið hús.
- Menning og listir – Skapandi sumarstörf, Listasalur og samstarf.

Að auki nýta hópar sér aðstöðuna eins og samtökin Hinsegin Norðurland og samtök skiptinema, AFS. Starfsfólk Ungmennahúss veitir þeim stuðning og leiðsögn eftir því sem við á (Akureyrarbær, 2019-b).

Starfsmaður Ungmennahúss er í samskiptum við framhaldsskólana og þegar fræðsluerindi eru keypt fyrir grunnskólana þá standa þau einnig framhaldsskólanemendum til boða og eru þau haldin til skiptis í framhaldsskólunum. Þá hefur Ungmennahúsið verið í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA) undanfarin ár og nemendur hafa aðallega verið að nýta tækniástöðuna t.d. taka upp hlaðvörp. Þá hefur VMA vísað brottfallsnemendum til Ungmennahúss og þeirra málum er fundinn farvegur þar (Akureyrarbær, 2019-b).

Nemendur á 1. ári í VMA fá kynningu á Ungmennahúsinu á fyrstu skólaönninni. Þeir sitja einnig lífleikni námskeið þar sem þeir frá margvíslega fræðslu og að því standa kennarar, námsráðgjafar, sálfræðingar og hjúkrunarfræðingur. Í Menntaskólanum á Akureyri (MA) sér stoðteymi, sálfræðings og námsráðgjafa um nýnemafræðslu þar sem farið er yfir m.a. forvarnarmál. Samstarf á milli MA og VMA var nýbyrjað þegar Covid-19 faraldurinn skall á en þá hittust forvarnarteymin á fundum og báru saman bækur sínar. Áætlað er að taka upp þráðinn að nýju í haust.

## 2.7. Virkið

Virkið er samstarfsverkefni sem byggir á víðtæku samstarfi svólítið í anda farsældarfrumvarps barnamálaráðherra. Um það var gerður samstarfssamningur haustið 2017 um þjónustu við ungt fólk á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu (sjá viðauka 1). Að samningnum standa 13 aðilar og er tilgangurinn að efla þverfaglegt samstarf þeirra í málefnum ungs fólks á aldrinum 16-29 ára. Meginmarkmið Virkisins er að grípa ungmenni sem falla milli kerfa og veita þeim heildstæðari þjónustu. Í þessu felst að:

- Auðvelda aðgengi fyrir notandann.
- Veita snemmtæka íhlutun<sup>6</sup>.
- Minnka líkur á að fólk falli á milli kerfa.
- Samþætta þjónustu og úrræði.
- Auðvelda tilvísunaraðilum að koma málum í réttan farveg.
- Móta virkniúrræði.

Í Virkinu er tekið á móti ungu fólki, foreldrum þeirra og/eða aðstandendum og reynt að finna úrræði eða lausn sem hentar þeim og þeirra vanda. Einnig eru haldin námskeið í samstarfi við Vinnumálastofnun fyrir ungt fólk á atvinnuleysisbótum, með það að markmiði að halda því virku. (Akureyrarbær, 2019-b). Verkefni Virkisins eru margvísleg og lesa má nánar um það í árshlutaskýrslu Akureyrarbæjar frá haustinu 2019, *Ungmennna-Húsið í Rósenborg*. Mikil samvinna er með samstarfsstofnunum Virkisins og þannig fá starfsmenn sýn á stöðu ungs fólks í samfélaginu frá geðdeild, lögreglunni, HSN og fleirum. Þessar upplýsingar eru notaðar til þess að stuðla að umbótum og síðan notaðar í samvinnu með ráðgjöfum grunnskólanna.

Ungmennahúsinu er ætlað að vera „þjónustuanddyri<sup>7</sup>“ fyrir Virkið og var það staðsett á 4. hæð í Rósenborg þangað til sl. haust þegar unglíngastig Lundarskóla flutti í húsið. Þá var Virkið tekið út úr Ungmennahúsi og flutt í Íþróttahöllina og þar með má segja að Ungmennahús hafi ekki lengur getað gegnt að fullu því hlutverki sem því var

---

<sup>6</sup> Snemmtæk íhlutun er þýðing á enska hugtakinu Early Intervention. Hér er hugtakið Snemmtæk íhlutun notað í þeirri merkingu að það vísar til aðgerða sem eiga sér stað snemma í lífi barns.

<sup>7</sup>Hugtakið þjónustuanddyri er lágþröskuldaúrræði sem byggir á headspace hugmyndafræðinni þar sem veitt er einstaklingsmiðuð ráðgjöf og þjónusta til ungmenna. Með fræðslu og stuðningi er fundin leið að bættri líðan sem miðar að því að efla virkni ungs fólks í samfélaginu. Þannig er markmið þjónustuanddyris að finna lausn fyrir hvern og einn á þeirra forsendum og efla þátttöku og tengsl þeirra við samfélagið.

ætlað sem hið opna óskilgreinda þjónustuanddyri fyrir Virkið (ónafngreind, munnleg heimild, 24. mars 2021).

### Litla- og Stóra forvarnarteymið

Svonefnd Litla og Stóra teymi voru sett á laggirnar árið 2015 með það fyrir augum að hafa yfirsýn yfir forvarnarstarf á Akureyri, þegar kemur að málefnum barna og unglinga. Tveir forvarna- og félagsmálaráðgjafar eru í teyminum. Þeir eru tengiliðir við aðra í teyminum, boða til funda, halda utan um dagskrá, stýra fundum og passa upp á að fundagerðir séu gerðar (ónafngreind, munnleg heimild, 24. mars).

Í Stóra teyminu eiga sæti 23 fulltrúar stofnana og félagasamtaka sem á einn eða annan hátt koma að málefnum barna og unglinga sveitarfélagsins og eru tveir fundir haldnir á ári (sjá viðauka 3). Þeir sem eru í Litla teyminu sitja flestir einnig í Stóra teyminu en það hefur aðgerðamiðað hlutverk og er kallað saman þegar aðstæður skapast sem þörf er að bregðast sérstaklega við. Fundir eru reglulegir til þess að auðvelda yfirsýn yfir stöðu mála frá ólíkum sjónarhornum. Hægt er að vísa málum til teymisins ef talin er þörf á. Forstöðumaður forvarna- og frístunda situr í báðum teyminum (ónafngreind, munnleg heimild, 24. mars 2021).

### 3. GÖGN OG AÐFERÐIR

Í þessari skýrslu verður dregin upp mynd af forvarnarstarfinu með því að rýna fyrirbyggjandi gögn um forvarnir, stefnur og rannsóknir, ásamt margvíslegum skýrslum um starfsemina. Jafnframt fengu skýrsluhöfundar aðgang að þeim gögnum sem þeir óskuðu eftir hjá forstöðumanni forvarna og frístunda. Þá heimsóttu skýrsluhöfundar félagsmiðstöðina Tróju og Naustaskjól. Áætlað var að heimsækja fleiri félagsmiðstöðvar en af því varð ekki vegna samkomutakmarkana.

Enn fremur var gögnum safnað með viðtölum við lykilstarfsmenn. Þessi aðferð var talin henta betur en að senda út spurningakönnun, þar sem markmiðið var að dýpka þekkingu á því forvarnarstarfi sem unnið er á Akureyri og fá fram viðhorf þeirra sem starfa að málaflokknum. Viðtalsramminn var hálfstaðlaður og tóku viðtölin frá 30 upp í 80 mínútur. Með því að nota hálfstaðlaðan spurningaramma gefst tækifæri til að spyrja nánar út í þætti sem eru óljósir og fylgja eftir nýjum spurningum ef þær vakna í viðtalinu.

Tvö hópviðtöl voru tekin. Eitt við forvarna- og félagsmálaráðgjafa og sérfræðinga á miðstigi grunnskólanna og annað við starfsfólk Ungmennahús og Virkisins. Kosturinn við hópviðtöl er að þau gefa kost á að fá fram fleiri sjónarmið á styttri tíma en þegar einstaklingsviðtöl eru tekin. Þau gefa einnig kost á umræðum þar sem gagnstæð viðhorf geta komið fram. Einnig geta þar komið upp spurningar eða málefni sem rannsakendur höfðu ekki hugsað fyrir. Þá voru tekin viðtöl við fjóra námsráðgjafa í grunnskólum. Þeir voru valdir þannig að út frá niðurstöðum úr hópviðtölunum var haft samband við námsráðgjafa þeirra fjögurra skóla sem rannsakendur töldu endurspeglu ólíkustu viðhorfin til forvarna og samstarfs. Enn fremur voru tekin sex einstaklingsviðtöl við lykilaðila innan samfélagssviðs, fræðslusviðs og úr pólitíkinni. Að lokum settu skýrsluhöfundar sig í samband við báða framhaldsskólana í bænum til að fá frekari upplýsingar.

Í heildina voru tekin 12 viðtöl á tímabilinu frá febrúar til maí 2021. Heildarfjöldi viðmælenda var 20 ásamt tveimur óformlegum samtölum við framhaldsskólana. Markmiðið með viðtölunum var ekki að alhæfa um sjónarmið þeirra sem starfa að málaflokknum heldur að fá fram margvísleg viðhorf og eiga þess kost að spyrja út í spurningar sem vaknað höfðu við rýningu á fyrirbyggjandi gögnum.

---

Vegna samkomutakmarkana voru flest viðtölin tekin í gegnum fjarfundabúnað. Þau voru hljóðrituð, skrifuð upp og þemagreind. Viðmælendur njóta nafnleyndar.



## 4. MAT Á FORVARNAR- OG FRÆDSLUSTARFI

Þessi kafli byggir á þeim tólf viðtölum sem tekin voru við sérfræðinga sem starfa hjá Akureyrarbæ og getið er í 3. kafla. Viðtölunum er ætlað að varpa ljósi á forvarna- og fræðslustarfsemina út frá sjónarhóli þeirra fjölbreyttu aðila sem koma að málaflokknum.

### 4.1. Hlutverk forvarna- og félagsmálaráðgjafa

#### Starfsemi félagsmiðstöðvanna

Eins og fram kom í kafla 2.6 má líta á hlutverk forvarna- og félagsmálaráðgjafa sem tvíþætt. Annars vegar forvarnar- og fræðslustarf og hins vegar starfið inni í félagsmiðstöðvunum. Starfið er þó að mörgu leyti samofið þar sem félagsmiðstöðin er stór hluti af forvarnarstarfinu. Einn forvarna- og félagsmálaráðgjafinn skipti forvarnarstarfinu í þrjá megin þætti:

...ég myndi alltaf setja þetta í svona þrjá eða þrjú þing þrepa skiptingu. Þá eru fyrsta stigs forvarnir að ná til almennings og hins breiða fjölda og annars stigs forvarnir eru sérstakt klúbbastarf, ná til hópa sem við teljum að við þurfum að vinna meira með og svo eru það þriðja stigs forvarnir sem er Skólasmiðju verkefnið okkar.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir eru faglegir viðburðastjórar í félagsmiðstöðvunum og halda uppi fjölbreyttri dagskrá fyrir nemendur og bjóða þeim upp á afdrep. Félagsmiðstöðvarnar eru staður þar sem börnin geta slakað á í samskiptum við jafnaldra undir handleiðslu fagfólks. Unnið er út frá TimeWise kerfinu<sup>8</sup> þar sem ungmennum er kennt að fylla upp í frítíma sinn með uppbyggilegri virkni. Ráðgjafarnir leitast við að auka vitund ungmenna um tímann og leiðbeina þeim um hvernig þau geti nýtt hann til þess að koma í veg fyrir leiða. Samkvæmt forvarna- og félagsmálaráðgjöfunum er starf þeirra fjölbreytt og skemmtilegt en jafnframt krefst það mikillar hæfni í samskiptum. Enginn kemur fullmótaður inn í starfið og þurfa ráðgjafarnir því að vera í stöðugri þróun og þjálfun. Í félagsmiðstöðvunum fá þeir tækifæri til að kynnast og vinna með heildinni en einnig að ná trúnaði krakkanna í gegnum leik. Nefnt var að þegar aðrir sjá starfsmann spila borðtennisleik við ungmenni sjá þeir ekki tenginguna og samtalið sem á sér stað

---

<sup>8</sup> Í sértæku hópastarfi FÉLAK er stuðst við starfsaðferð sem heitir TimeWise. Upprunalega er TimeWise þróað sem verkefni til að hjálpa ungu fólki til að nota frístundir sínar á uppbyggilegan hátt til að koma í veg fyrir notkun vímuefna.

meðan leikurinn er spilaður. Vegna reynslunnar af forvörnum eru ráðgjafarnir óhræddir við að ræða um hluti og finna að unglíngarnir skynja það og þora að spyrja og deila með þeim sínum málum.

### Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi

Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi hefur verið góð að mati ráðgjafanna. Þátttaka getur verið ólík eftir árgöngum og skólum. Eins getur hún verið breytileg á milli ára og á milli skóla. Einn ráðgjafinn kom inn á að þegar það er mikil starfmannavelta þá minnkar þátttakan í félagsmiðstöðvastarfi. Undanfarin ár hefur verið mikil þátttaka þrátt fyrir ótta ráðgjafanna um að missa börnin í afþreyingu heima fyrir en það hefur aukist mikið síðustu ár. Covid-19 faraldurinn hefur að sjálfsgöðu haft áhrif á allt félagsmiðstöðvastarf en það hefur þurft að beita fjöldatakmörkunum þegar það hefur verið leyfilegt að hafa opið. Hvað varðar miðstigið þá var það mat ráðgjafanna að klúbbastarf hafi gengið mjög vel þó að það sé alltaf einhver munur á milli skóla þegar kemur að þátttöku.



Mynd 7. Trója að fara af stað með starfið 1. mars 2021 eftir afléttingu samkomutakmarkana (heimild fréttabréf Tróju).

Félagsmiðstöðvar eru ekki í samkeppni við annað tórstundastarf á Akureyri. Markmið starfsins er að virkja börn og ungmenni og þá skiptir ekki öllu máli hvers kyns virkni um ræðir. Stundum upplifa forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir hins vegar að börn og ungmenni sem stunda íþróttir séu svekkt að missa af starfinu í félagsmiðstöðvunum. Einn af árangursmælikvörðum félagsmiðstöðvastarfs er mæting barnanna. Þau sem mæta vel safna punktum en ungmennin verða að taka virkan þátt í starfinu til að eiga rétt á fríðindum eins og fara í ferð með félagsmiðstöðinni á SamFestinginn<sup>9</sup>.

Mjög skiptar skoðanir voru á meðal námsráðgjafanna hvað varðar samstarf við forvarna- og félagsmálaráðgjafana og félagsmiðstöðvastarfið. Í sumum skólum virtist vera gott samstarf á meðan í öðrum skólum virtust námsráðgjafarnir ekki vita mikið um félagsmiðstöðvastarfið og ekkert formlegt samstarf var þar á milli. Það sjónarmið kom fram meðal þeirra sem áttu í samstarfi að finna þyrfti nýjar leiðir til þess að ná til þeirra barna sem þeir myndu vilja sjá að mættu reglubundið í félagsmiðstöðina. Sú hugmynd kom fram að meðal námsráðgjafa að hafa opið hús einvörðungu fyrir einn skóla endrum og eins þar sem sumir nemendur treysti sér ekki til að mæta þegar aðrir skólar hafa aðgang á sama tíma. Einnig var því velt upp hvort að samstarf við rafíþróttirnar myndi hjálpa til við að virkja óvirkasta hópinn.

### Aðstaða

Aðstaða til félagsmiðstöðvastarfs er mjög ólík á milli skóla. Forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir komu inn á þetta en margir þeirra hafa í starfi sínu komið inn í fleiri en einn skóla. Aðeins í þremur skólum af sjö er sér aðstaða fyrir félagsmiðstöðvarstarf en í einni félagsmiðstöðinni hafa tveir skólar sameiginlegan aðgang. Síðan er ólíkt eftir skólum hvaða aðstaða er í boði en matsalurinn er oft á tíðum notaður undir starfið:

Það er rosalega misjafnt þannig að í sumum skólum er þetta ekkert félagsmiðstöð mér finnst bara óþægilegt að vera þarna eitthvað í matsal þar sem ekkert má af því að skólinn á þetta allt virðist vera.

Sumir ráðgjafarnir hafa upplifað að þeir séu ekki velkomnir inn í skólana og í einhverjum tilfellum hafa þeir misst aðstöðuna sína þegar skólann vantar stofu eða svæði fyrir sína

---

<sup>9</sup> SamFestingurinn er árleg hátíð Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi og er haldinn með því sniði að á föstudagskvöldi er ball og á laugardeginum Söngkeppni Samfés.

starfsemi. Þau sjónarmið komu fram að í sumum skólum virðist viðhorfið vera að skólinn eigi börnin á daginn en félagsmiðstöðvarnar á kvöldin. Þannig að ef börnin gera eitthvað af sér á kvöldin þá sé við félagsmiðstöðina að sakast. Erfitt getur verið að halda úti félagsmiðstöðvastarfi við þessar aðstæður að mati sumra ráðgjafanna. Margar reglur gilda í skólum en félagsmiðstöðvastarf snýr að því að gefa ungmennum frí frá reglunum þó svo að ákveðin viðmið gildi, eins og að það megi ekki vera með orkudrykki:

Svo hef ég lent í því að vinna í félagsmiðstöð inni í skóla og það var krakki að leika sér með bolta og það kemur starfsmaður skóla inn eða er þarna inni og fer að skipta sér af því og banna þeim að vera með boltann af því að það er regla að degi til en er kannski ekki regla að kvöldi til hjá okkur af því að við erum kannski bara í einhverjum boltaleik.

Ekki eru ákveðnar verkreglur innan skólanna þegar kemur að félagsmiðstöðvastarfi. Aðstaðan er oft á tíðum ekki hentug til þess að sinna starfinu að mati viðmælenda en gert hefur verið gott úr því sem fyrir er. Í þeim skólum sem hafa sér aðstöðu er þessu öðruvísi farið aðstaðan er góð og ungmennin hafa afdrep þar, jafnvel á daginn, sem getur oft á tíðum reynst þeim vel. Mikill samgangur er á milli félagsmiðstöðvanna en nemendur úr öllum skólum eru velkomnir á opnanir hjá öðrum skólum. Trója er þar vinsælust enda með einna bestu aðstöðu landsins til félagsmiðstöðvastarfs að mati viðmælenda.



Mynd 8. Félagsmiðstöðvarstarf, mynd tekin af heimasíður Akureyrarbæjar

#### ***4.2. Fræðslustarf - tengsl og samvinna félagsmiðstöðvanna og grunnskólanna***

Beina forvarnarstarfið felst að miklu leyti í fræðsluerindum sem farið er með inn í skólana, eins og komið hefur fram. Félags- og forvarnaráðgjafarnir vinna samkvæmt sameiginlegum langtímamarkmiðum en þau eru að bæta heilsu, vellíðan og virkni barna og unglinga. Þeir funda einu sinni í viku um félagsmiðstöðvahlutann og einu sinni í viku um fræðslu- og forvarnarhlutann. Markmið síðustu ára hefur verið að auka fagmennsku og auka matsþætti þegar kemur að forvarnarstarfinu. Í Forvarna- og fræðsluhlutanum er unnið eftir Forvarnarstefnu Akureyrarbæjar sem gefur tóninn fyrir markmiðin. Að auki nýta ráðgjafarnir sér mikið niðurstöður Rannsóknna og greiningar um stöðu ungs fólks til þess að meta hvaða forvarnarfræðsla er mikilvæg á hverjum tíma. Það sem er að gerast meðal ungmenna hverju sinni getur verið mjög breytilegt eftir árum og árgöngum. Með forvarnarfræðslu náði Akureyrarbær til að mynda góðum árangri í að minnka orkudrykkjanotkun ungmenna en ráðgjafarnir segja að fræðslan sé líka til þess ætluð að ná til foreldra og fá þá í lið með sér:

Við tókum tölur sem við fengum 2018 og vorum að bera saman við landsmeðaltalið og við vorum að koma illa út og það staðfesti líka okkar tilfinningu, fræðslan er meira til foreldra og samfélagslegrar ábyrgðar í stað þess að... [fara með fræðsluerindi] út í grunnskólana... [Við] teljum okkur ná meiri árangri í að ná samfélagslegri sátt með að minnka orkudrykkjanotkun.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir segjast byggja mikið á rannsóknargögnum og því sem þeir verða áskynja í starfi sínu með unglingunum. Þeir hafa frelsi í sínu starfi til að bregðast við nýjum aðstæðum og áskorunum sem upp koma. Það sama á við um þegar ákveða á hvaða fræðsluerindi eru mikilvægust hverju sinni: „...hvað varðar fræðslu okkar, að ákveða hvað kemur inn og hvað við hættum með, [við] höfum frjálsar hendur og [er] treyst fyrir að lesa í aðstæður og vinna út frá því.“

Upplifun forvarna- og félagsmálaráðgjafa af samskiptum við grunnskólana var mjög ólík og nokkuð breytilegt á milli skóla hvernig samskiptin gengu fyrir sig. Það sama má segja um upplifun námsráðgjafa af starfi forvarna- og félagsmálaráðgjafanna en hún var ólík eftir skólum. Sumir forvarna- og félagsmálaráðgjafar upplifðu mjög góð samskipti og jákvætt viðhorf til félagsmiðstöðva og fræðsluerinda þeirra. Í sumum skólum er eftirspurn eftir því að þeir komi inn í bekki, t.d. til að vinna með samskiptavandamál eða einelti. Í öðrum skólum fundu þeir ekki mikinn áhuga á samstarfi af hálfu skólastjórnenda: „Í sumum skólum er enginn samstarfsvilji og það sýnir sig líka á mætingu sérstaklega varðandi opin hús, í sumum skólum bara geggjað [samstarf] og [við] kölluð til í sérverkefni.“ Hvað varðar tengiliði innan skólanna eins og námsráðgjafa, deildarstjóra, kennara og skólaliða er oftast um að ræða góð samskipti að mati forvarna- og félagsmálaráðgjafanna. Tengiliðirnir sýna forvarnarstarfinu áhuga og eru samviskusamir í leitarstarfinu og benda þeim á ungmenni sem þurfa á þeirra þjónustu að halda.

Hvað námsráðgjafana varðar sagði hluti þeirra að lítil samskipti séu á milli námsráðgjafanna og sérfræðinga miðstigs í hópstarfi og að bæta þurfi samtalið. Námsráðgjafarnir töluðu einnig um að fræðsludagatal fyrir unglingastigið komi of seint til þeirra til að hægt sé að skipuleggja skólastarfið út frá því. Þeir telja að það þurfi að formgera samstarfið við forvarna- og félagsmálaráðgjafanna og sérfræðinga hópstarfs betur.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar eiga í talsverðum samskiptum við aðrar stofnanir eins og barnavernd, t.d. vegna Skólasmiðju verkefnisins sem hefur gengið vel að mati ráðgjafanna. Einnig er eitthvað samstarf við Íþróttafélögin, jafnvel þótt forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir væru til í enn meira samstarf. Íþróttafélögin voru þó að þeirra sögn ávallt tilbúin til samstarfs þegar leitað var til þeirra. Rafíþróttadeild Þórs er eitt af þeim félögum sem hefur gengið vel að starfa með og standa vonir til að það samstarf muni eflast í framtíðinni.

Þegar kemur að samskiptum við foreldra, þá er tækifæri til úrbóta. Ráðgjafarnir telja að það mætti efla samskiptin við þá og að þörf sé á því að þeir kynni sig og starfið betur fyrir foreldrum þannig að þeir átti sig á að ákveðin markmið séu með starfinu. Forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir hafa verið með foreldrafræðslu en segja að mæting hafi ætíð verið léleg þó að mismunandi tímasetningar hafi verið reyndar, t.d. snemma á morgnana, eftir vinnu og seint á kvöldin.

Allir ráðgjafarnir sögðu að þörf væri á meira fjármagni inn í málaflokkinn til þess að sinna starfinu betur. Sérstaklega til að greiða fyrir utanaðkomandi fræðsluerindi. Þeir töldu mikilvægt að fleiri sérfræðingar gætu komið með fræðslu inn í skólana. Þrátt fyrir að þeir sjálfir væru hæfir til þess að halda allskyns fræðsluerindi þá væru þeir þó ekki sérfræðingar í öllum þeim málefnum sem ræða þarf í dag.

Það sjónarmið kom fram að hugsanlega mættu raddir barna fá meiri hljómgrunn þegar kemur að því að velja fræðsluerindi. Samkvæmt barnvænu sveitarfélagi skal leita umsagnar ungmennaráðs um fræðsluáætlun. Þá hafa komið fram óskir um að vera með minni hópa, sem kallar á meira fjármagn. Þá kom fram það sjónarmið að börnin ættu að fá tækifæri til að gefa umsagnir um þá fræðslu sem þeim stendur til boða.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir eru sammála um að síðastliðin fimm ár hafi orðið heilmikil þróun í starfinu fyrir börn á miðstigi. Tveir starfsmenn sinna því eins og staðan er núna en þau standa fyrir opnu húsi og klúbbstarfi.

Ráðgjafarnir segja að aukning hafi orðið undanfarin ár á aðstoð við einstaklinga, á kostnað heildarinnar. Þeir nefna að stærri hluti af þeirra starfi fari í forvarnarhlutann en í félagsmiðstöðvarhlutann sem er í raun og veru grunnforvörnin að þeirra mati. Það er þegar þau ná einstaklingunum sem eru utan hóps og fá þau inn í hópa:

Meiri fókus á vandamálin og þá einstaklinga sem eru í vandræðum en ekki á heildina.. mér finnst mikil synd hvað hefur verið lítill fókus á félagsmiðstöðvarnar.

Í þessu samhengi er verið að vísa til Skólasmiðjunnar en ráðgjafarnir telja að það vanti möguleika til snemmtækrar íhlutunar hjá þeim einstaklingum.

### Skólasmiðjan

Skólasmiðjan var mikið rædd í viðtölum en samhljómur var um að það sé verið að grípa of seint inn í hjá börnum. Einn viðmælandi tók svona til orða:

Við getum aldrei hjálpað öllum. Því fyrr sem er hægt að bregðast við því betra bara í skólakerfinu og jafnvel bara í leikskóla, að geta pikkað út krakka sem eiga eftir að glíma við vandamál alla ævi og það er beðið eftir að allt er komið í fakk og þá er loksins gert eitthvað og orðið of seint fyrir þennan einstakling.

Vandamálin eru því orðin mjög stór þegar inngríp verður, enda er Skólasmiðjan skilgreind sem lokaúrræði. Forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir og starfsmaður Virkisins hafa öll tekið að sér Skólasmiðjubarn og höfðu því öll reynslu af því. Ráðgjafarnir eru í raun síðasta úrræðið og oft á tíðum eru þetta ungmenni sem hafa ekki mætt í skólann í heilt ár, eiga við andleg veikindi að stríða og sum eru jafnvel komin í neyslu. Ráðgjafarnir voru samt ánægðir með að fá að taka þátt í verkefninu og þegar að smiðja heppnast vel þá sé það mjög ánægjulegt. Oft á tíðum er um mjög erfið mál að ræða þar sem ca. 2-4 tímar með þeim á viku er alls ekki nægur tími til að koma ungmennunum í virkni. Lausnir sem ráðgjafarnir benda á er að grípa fyrr inn í vandann (snemmtæk íhlutun), þ.e. að þeir geti komið inn á fyrri stigum. Hins vegar er það skilyrði að barnavernd sé kominn inn í málið til þess að það sé hægt að vísa því til Skólasmiðju.

Það sjónarmið kom fram hjá námsráðgjafa að til að hægt væri að grípa fyrr inn í vandann þyrfti að búa til litla hópa inni í skólunum fyrir t.d. börn með raskanir sem höndla ekki að vera í stórum hópum en gætu tilheyrt hópi innan síns skóla. Þá mætti leggja meiri áherslu á klúbbastarf og margvíslegt félagsstarf. Í sumum tilvikum gætu börn einungis þurft smá tíma með einhverjum fullorðnum sem er til í að hlusta og hjálpa. Annar námsráðgjafi velti upp hvort að skólinn gæti ekki gripið fyrr inn hjá þessum ungmennum og þá í samstarfi við forvarna- og félagsmálaráðgjafana til þess að koma þeim í meiri virkni.



Á þeim tímapunkti (það er fyrir Skólasmiðju) á það kannski að vera meira skólans að grípa. Úrræðin sem við höfum sem tengjast ekki námi eru svo fá eða engin, maður reynir með barn sem fúnkerar ekki þá getum við gert eitthvað meira verklegt. Stundum þurfa þau bara einhvern sem er tilbúinn að spjalla og leika við þau.


Efling forvarna á miðstigi er það sem langflestir viðmælendur lögðu áherslu á. Að það sé til úrræði á miðstigi sem hægt væri að grípa til, til að koma í veg fyrir að barnið endi í Skólasmiðjunni. Þá gæti forvarnarteymið ásamt námsráðgjöfum unnið saman að stuðningi við barnið strax og vart verður við vandræði og þannig unnið með barninu og aðstandendum þess til að leysa vandann áður en hann verður það mikill að málið fari til barnaverndar.

### Ungmennahús og Virkið

Eins og fram hefur komið á Ungmennahúsið sér langa sögu sem félagsmiðstöð ungs fólks. Það kom fram í viðtölunum að undanfarið hefur verið lögð áhersla á að efla starfsemi og bæta mætingartölur með því að markaðssetja og auglýsa Ungmennahús sem félagsmiðstöð fyrir alla. Það virðist vanta aðeins upp á það að hinn „almenni unglingur“ sækir Ungmennahúsið. Þeir sem koma eru þeir sem þurfa á stuðningi að halda og þeir sem hafa t.d. tónlist að áhugamáli eða einhvers konar sköpun, þar sem góð aðstaða er fyrir slíkt í húsinu. Ungmenni eiga að geta komið í húsið og fundið eitthvað við sitt hæfi, komist á netið, spjallað eða bara verið. Mikilvægt er að unglingar komi á sínum forsendum. Ráðgjafi Ungmennahúss telur að verkefnið sé að bera árangur, að það sé orðið meira flæði en áður, eins og í félagsmiðstöð. Covid-19 faraldurinn hefur hins vegar sett strik í reikninginn. Það hefur þurft að loka tímabundið þar sem strangari reglur giltu um framhaldsskólaaldurinn en grunnskólaaldurinn.

Í viðtölunum komu fram áhyggjur af framtíð Ungmennahússins. Þegar það þurfti að skera niður var tekin sú ákvörðun að leggja áherslu á yngri börnin og skera niður starfsemi Ungmennahúss. Nokkrir viðmælendur lögðu á það áherslu að það sé þörf fyrir Ungmennahúsið og að bærinn þurfi að sinna krökkum sem eru 16-18 ára. Þeir töldu að mikilvægt sé að halda áfram að vinna með þennan aldurshóp þar sem þetta sé „týndi hópurinn“ sem hverfur þegar þau fara úr grunnskólanum. Starfsmenn hafa áhyggjur af því að erfitt sé að auglýsa starfsemi Ungmennahúss sem hugsanlega verður ekki af vegna niðurskurðar:

Við getum ekki rekið svona starf með hræðslu við niðurskurð það drepur viljann niður eins og núna á ég að auglýsa og auglýsa og markaðssetja og svo er ekkert starf.



Mynd 9. Ungmennahús auglýsir Nördaklúbb (mynd tekin af Facebook síðu Ungmennahúss).

hluti af starfi ráðgjafa Ungmennahús að bæta tengingu við MA og VMA. Þá vinna ráðgjafar Ungmennahúss og Virkisins náið með forvarna- og félagsmálaráðgjöfum grunnskólanna sem þeir telja vera mikinn styrkleika.

Við vinnum náið með félagsmiðstöðvunum [...] í svona litlu samfélagi erum við alltaf með puttann á púlsinum. Það hjálpar að vinna svona náið saman t.d. krakkar í smíðju sem við getum þá gripið... svo þetta bil 16-17 ára sem detta úr grunnskóla í framhaldsskóla, stundum þarf að grípa þau.

Eins og áður sagði er það áhyggjuefni margra viðmælenda hvað verður um sum börn eftir að grunnskóla lýkur og þeir töldu mikilvægt að halda vel utan um þessa einstaklinga. Með samstarfi ráðgjafa félagsmiðstöðva grunnskólanna og Ungmennahús geta ráðgjafarnir talað sín á milli og jafnvel kortlagt stöðu einstaklings sem sækir til þeirra í Ungmennahús eða Virkið með upplýsingum frá ráðgjöfum grunnskólanna. Þannig að ekki þurfi að byrja á núllpunkti í vinnu með ungu fólki sem leitar til þeirra.

Forvarnar- og félagsmálaráðgjafi Ungmennahúss og starfsmaður Virkisins halda utan um námskeið fyrir ungt fólk á atvinnuleysisbótum til þess að því virku með daglegum störfum. Námskeiðin eru 3 eða 6 vikur allt eftir því hversu lengi einstaklingar hafa verið á atvinnuleysisbótum. Virkið fékk 20 pláss hjá Akureyrarbæ núna í sumar þannig að þeir einstaklingar sem eru að sækja námskeið hjá þeim og klára geta fengið vinnu. En starfsmaður Virkisins telur mikilvægt að koma þessum einstaklingum í vinnu strax eftir námskeið þar sem markmiðið er að gera þau að virkum samfélagsþegnum. Ennfremur er það

Óhjákvæmilega hafði Covid-19 faraldurinn áhrif á starfið. Starfsmennirnir (Ungmennahús og Virkisins) brugðu á það ráð að hringja í alla skjólstæðinga Virkisins sem gekk ágætlega að þeirra sögn. Þeirra helsta áskorun er fjármagn og að starfið þeirra sé háð styrkjum og á það sérstaklega við um Ungmennahús.

### **4.3. Stefnur í málaflokknum og samþætting þeirra**

Forvarnarmál Akureyrarbæjar eru staðsett innan samfélagssviðs sem ber einnig ábyrgð á forvarnastefnu bæjarins. Forvarnarmál eru í eðli sínu þverfagleg og teygja anga sína víða og eru því líka hluti af verkefnum velferðarsviðs og fræðslusviðs. Þær stefnur sem unnið er eftir í forvarnarmálum heyra undir mismunandi svið bæjarins og einnig ólík ráðuneyti. Forvarnir heyra sem málaflokkur undir félagsmálaráðuneytið. Heilsueflandi samfélag- og skóli heyrir undir heilbrigðisráðuneytið og mennta- og æskulýðsmál undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Þegar rýnt er í stefnur og verkefni Akureyrarbæjar sem snúa að forvörnum barna- og ungmenna kemur í ljós mjög metnaðarfull vinna þar sem mikið frumkvöðlastarf hefur verið unnið undanfarin ár. Má þar nefna að Akureyri var fyrsta barnvæna sveitarfélagið á Íslandi samkvæmt skilgreiningu UNICEF. Þá hefur á Akureyri starfað ungmennaráð í meira en áratug. Unnið er að mælaborði forvarna, verkefni sem Kópavogsbær leiðir. Þar eru markvisst sett inn gögn um forvarnir og er Akureyrarbær kominn vel á veg með þá vinnu. Forvarnarteymið vinnur metnaðarfullt starf og hefur á að skipa vel menntuðu starfsfólki. Áhersla á teymisvinnu virðist vera töluverð og reynt er að tryggja að þjónusta við skjólstæðinga sé sem heildstæðust sem endurspeglast m.a. í Skólasmíðjunni og í Litla- og Stóra forvarnarteyminu. Forvarnar- og félagmálaráðgjafarnir vinna eftir framkvæmdaáætlun sem sett er upp til þess að framfylgja forvarnastefnunni. Að þeirra mati gengur vel að vinna eftir stefnunni. Allir starfsmenn Akureyrar eiga að fylgja þessari stefnu á einn eða annan hátt og í raun allir íbúar þar sem hún nær til fölbreyttra þátta eins og næringar, hreyfingu og andlegrar heilsu. Einn viðmælandinn komst svo að orði: „Það væri frábært ef allir vissu út á hvað hún gengi og fylgdu henni eftir.“ Svo virðist sem að ekki hafi tekist að festa forvarnastefnuna nægjanlega í sessi þannig að allir vinni eftir henni, þvert á svið bæjarins.

Sveitarfélagið hefur markað sér stefnur og gert aðgerðaráætlanir innan stjórnsýslu bæjarins. Til að stefnumótunin nái tilætluðum árangri þarf hún að vera heildstæð, skýr og skilvirk og ná þvert á sviðin. Vinnan við hverja stefnu má ekki „lokast inni“ á ákveðnu sviði sem fer með málaflokkinn. Sem dæmi má nefna að drögin að nýrri forvarnastefnu hjá samfélagssviði byggir á Heilsueflandi samfélagi en líka á Heilsueflandi skóla sem tilheyrir fræðslusviði. Vinnulagið þyrfti að vera slíkt að þekkingin og mannauðurinn nýttist sem best í stefnumótun og aðgerðaráætlanir þvert á svið þar sem það á við. Aðspurðir töldu viðmælendur mikilvægt að samþætta þessar stefnur: „Það þarf að taka velferðarstefnu, menntastefnu, forvarnastefnu, barnvæn sveitarfélög og heilsueflandi. Það þarf að taka allar þessar stefnur og hrista þetta saman.“ Eins og staðan er í dag þá er ekki verið að vinna þessi verkefni á milli sviða, nema í mjög litlum mæli. Viðmælendur vildu sjá unnið í víðara samhengi en nú er gert. Þannig að allt sem er verið að gera í forvarnarmálum sé tengt forvarnastefnunni sem þýðir að öll svið ættu þá að vinna eftir stefnunni. Í því samhengi var vísað í að bærinn er með mannréttindastefnu sem öll svið þurfa að fara eftir.

Viljum við ekki bara heilsueflandi fyrir alla? Hver er fókusinn í þeim kafla gagnvart börnum og gagnvart eldri borgurum? Jú það þarf að samþætta og skilgreina hlutverkin betur og hérna finnst mér þetta eigi að vera í einni stefnu. Sem verkefni er þetta kannski sér en við ættum öll að fara eftir stefnunni.

Það sjónarmið kom einnig fram að allar þessar stefnur og innleiðingar tækju mikla orku og tíma og ættu að vera einn heildstæður pakki. Annar viðmælandi sagði að það dugi ekki að innleiða stefnu að nafninu til, henni þarf að fylgja fjármagn, þá þarf styrka forystu og verkefnastjórnun inn í stór verkefni eins og Heilsueflandi samfélag. Þá þarf Akureyrarbær að spyrja sig þeirrar spurningar hvort það sé þörf á öllum þessum stefnum. Æskilegt væri að þær væru færri og að markvissara væri unnið eftir þeim, þvert á svið þar sem það á við.

Töluvert af þeim aðgerðum sem settar eru fram í Barnasáttmálanum snýr að því sem þegar er gert inni í skólunum. Það að grunnskólar eigi að vera heilsueflandi og grænir ætti ekki að vera sérstök stefna heldur að vera inni í aðalnámskrá. Einn af grunnþáttum menntunar er heilbrigði, það ætti því ekki að vera nauðsynlegt að búa til sérstök verkefni og margar stefnur í því tilliti.

Hér eru mörg tækifæri til að samþætta að mati viðmælanda: „Sumar stefnur taka of langan tíma að vinna... held að það séu mikil tækifæri að taka allan þennan pakka upp og endurskoða hann.“ Það hefur líka ýmislegt áunnist sl. ár að mati viðmælanda. „Okkur hefur tekist að brjóta múra síðustu árin og erum að vinna með barnavernd náíð og skóladeildinni sem var kannski ekki fyrir 10 árum en það eru ennþá múrar það eru ennþá kerfi sem eru ekki að tala saman“. Með breiðara samstarfi á milli sviða bæjarins og samþættingu á vinnulagi þeirra stefna sem unnið er eftir er líklegra að fram náist hagræðing til lengri tíma fyrir sveitarfélagið. Til að hægt sé að samþætta stefnur og þannig auka skilvirkni og spara mannauð þarf að finna sameiginlega snertifleti á milli þeirra sviða sem fara með forvarnarmál og vinna að sameiginlegum verkefnum. Ekki má gleyma því að forvarnir eru afar fjölbættar og því eru snertifletirnir margir og þá þarf að skilgreina. Sem dæmi má nefna: fræðsla um forvarnir, íþróttir, tómstundir hverskonar, líkamlegt og andlegt heilbrigði, þ.e. almenn lýðheilsa.

## 5. UMRÆÐA

Ytra mati á forvarnarstarfi Akureyrarbæjar er ætlað að vera leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðla að auknum gæðum. Við matið voru einkum eftirfarandi þættir skoðaðir:

- Starfsemi félagsmiðstöðva Akureyrarbæjar, Ungmennahús og Virkið.
- Forvarna- og fræðslustarf, tengsl og samvinna félagsmiðstöðvanna og grunnskólanna ásamt aðstöðu til félags- og forvarnarstarfs.
- Stefur í málaflokknum og samþætting þeirra.

Í þessum kafla verður fjallað um áskoranir í forvarnarmálum á Akureyri og bent á leiðir til úrbóta.

### ***Starfsemi félagsmiðstöðva Akureyrarbæjar, Ungmennahús og Virkið.***

Markmiðið með starfsemi félagsmiðstöðvanna er að virkja börn og ungmenni undir handleiðslu fagmenntaðs starfsmanns. Notendur félagsmiðstöðvanna eru bæði börn og ungmenni sem eru virk í öðru tómstundastarfi og þau sem ekki eru það. Mikilvægt er að virkja þau börn sem ekki eru í öðru ásamt auðvitað þau sem langar til að taka þátt í starfinu. Covid-19 faraldurinn hefur haft áhrif á allt félagsmiðstöðvarstarf. Um tíma voru félagsmiðstöðvarnar lokaðar vegna samkomutakmarkana. Þá hefur þurft að beita fjöldatakmörkunum þegar það hefur verið leyfilegt að hafa opið. Covid-19 hefur ekki síður sett strik í reikninginn í starfsemi Ungmennahúss og beinu forvarnarstarfi inn í menntaskólana, þar sem utanaðkomandi heimsóknir hafa ekki verið leyfðar vegna samkomutakmarkana.

Mikilvægt er að spyrja sig hverjir eru að nota þjónustu félagsmiðstöðvanna? og hverjir hafa þörf fyrir hana? Áskorunin í félagsmiðstöðvastarfinu felst ekki síst í því að ná til þeirra barna sem ekki eru í öðrum tómstundum og það er verkefni sem félagsmiðstöðvarnar þurfa að vinna með skólunum. Einnig er frístundastyrkurinn mælikvarði á virkni en nýting hans er mjög góð á Akureyri. Í gegnum hana er hægt að sjá hvaða börn eru í virkni og hver ekki.

Ungmennahús virðist ekki hafa náð því að verða almenn félagsmiðstöð enda ekki ljóst að það sé ákjósanlegt markmið. Mikilvægt er þó að Ungmennahús sé til staðar fyrir ungt fólk sem ekki sækir félagslíf í framhaldsskólunum og að hópar eins og Hinsegin

Norðurland og ungmenni í skapandi greinum eigi þar griðastað og njóti aðstoðar Ungmennahúss. Enn fremur að forvarnarteymi grunnskólanna og Ungmennahúss haldi áfram samstarfi og fylgi eftir þeim einstaklingum sem grunnskólarnir hafa áhyggjur af og ekki halda áfram námi. Undanfarin ár hefur verið að byggjast upp samstarf Ungmennahúss og framhaldsskólanna. Gott samstarf virðist vera milli Ungmennahúss og VMA varðandi ungmenni sem eru að flosna upp úr námi. Þá hefur fagmennska í þjónustu Ungmennahúss aukist sem birtist m.a. í því að 2019 var ráðinn forvarna- og félagsmálaráðgjafi í Ungmennahús til að sinna forvörnum og ráðgjöf fyrir ungmenni. Áður var þar starfandi umsjónarmaður Ungmennahúss. Á sama tíma er það áhyggjuefni hversu miklar mannabreytingar m.a. vegna veikinda hafa verið í Ungmennahúsi sl. 18 mánuði. Ekki síst í ljósi þess að það virðist **vanta upp á skráningar og formfestu** á starfseminni. Skýrsluhöfundar eiga erfitt með að átta sig á því hvort Ungmennahús og Virkið séu að skila tilætluðum árangri og því væri árangursmat á starfseminni nauðsynleg.

Ungmennahúsið á undir högg að sækja þar sem ekki er litið á það sem forgangsverkefni. Starfsfólki í Ungmennahúsi hefur fækkað töluvert og dregið hefur úr verkefnagetu þess síðustu misseri. Það má því segja að starfsemin standi á tímamótum og ljóst er að endurskilgreina þarf hlutverk Ungmennahúss. Haustið 2019 voru þrír starfsmenn í Ungmennahúsi í 100% stöðugildi og einn í 70% stöðu yfir veturinn en 100% starfi hluta sumars. Að auki var einn starfsmaður í hlutastarfi meðfram störfum sínum í félagsmiðstöðvum bæjarins og einn starfsmaður í tímavinnu (Akureyrarbær, 2019-b). Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni forvarna- og frístunda voru stöðugildin tvö vorið 2021, í stað fjögurra áður, og hafði því fækkað um helming. Þessir tveir starfsmenn sáu um alla starfsemi Ungmennahúss og Virkisins, ásamt starfsfólki í tímavinnu.

Mikilvægt er að starfsemin haldi velli sem þjónustuanddyri og að **Ungmennahúsi sé tryggður stöðugleiki þannig að faglegt starf geti blómstrað og ekki verði rof í forvörnum á milli grunn- og framhaldsskólans**. Hlutverk Ungmennahússins og Virkisins er ekki einungis forvarnarstarf til að draga úr kostnaði annars staðar. Markmiðin eru víðtækari og fleiri eða eins og einn viðmælandi orðaði það: „að draga úr óhamingju, vanlíðan, við erum að reyna að byggja upp hamingjusamara samfélag“. Hér er átt við það sem Jóhanna Líf Halldórsdóttir kallar óáþreifanlegan kostnað samfélagsins sem verður ekki metinn til fjár (2020). Þá má ekki gleyma því að flókið er að mæla árangur í

forvörnum þar sem þær eru langtímaverkefni og árangur kemur kannski fram löngu síðar. Á sama tíma er **mikilvægt að utanumhald og skráningar um starfsemina séu markviss svo hægt sé að læra af starfinu og byggja frekari ákvarðanir á niðurstöðunum.** Góð skráning er einnig nauðsynleg til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hafi náðst.

***Forvarna- og fræðslustarf, tengsl og samvinna félagsmiðstöðvanna og grunnskólanna ásamt aðstöðu til félags- og forvarnarstarfs.***

Það er öflugt forvarna- og fræðslustarf hjá Akureyrarbæ. Það kemur m.a. fram í því að hver félagsmiðstöð hefur sinn forvarna- og félagsmálaráðgjafa sem stýrir starfinu. Ráðgjafarnir mynda forvarnarteymi ásamt ráðgjöfum miðstigs, ungmennahúss og forstöðumanni forvarna- og frístunda. Teymið á í góðu og nánu samstarfi og leggur m.a. áherslu á að samræma þjónustuna við skólana. Samstarf forvarnarteymisins hefur mikla þýðingu fyrir faglega þáttinn þar sem teymið miðlar upplýsingum og vinnur að skipulagi og stefnumótun saman. Forvarnarteymið er þannig vettvangur til að takast á við þær áskoranir sem upp koma í forvarnarmálum á hverjum tíma.

Það var samhljómur meðal viðmælenda um að ein helsta áskorunin í forvarnarmálum bæjarins væri að ná **að grípa fyrr inn í** (snemmtæk íhlutun) þegar börnin eru yngri þ.e. áður en vandinn er orðinn svo stór að hann er orðinn flókinn úrlausnar. Börn eiga rétt á því að vaxa upp í öruggu umhverfi og fá leiðsögn við hæfi. Samkvæmt framkvæmdaáætlun forvarna 2018-2019 eiga forvarna- og félagsmálaráðgjafar að sinna leitarstarfi meðal barna og ungmenna og skima eftir áhættuhegðun og vinna í samvinnu við grunnskóla. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fjallar um það sem barninu er fyrir bestu og ný drög að forvarnastefnu Akureyrarbæjar byggja m.a. á Barnasáttmálanum. Til að réttindi barna séu virt og þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á er mikilvægt að leitarstarf sé öflugt þannig að öll börn njóti þjónustunnar.

**Leggja þarf meiri áherslu á forvarnir á miðstigi grunnskólanna.** Skýrsluhöfundar benda á mikilvægi forvarna á miðstigi og að beitt verði snemmtækri íhlutun þannig að líkur aukist á því að hægt sé að leysa vanda barna áður en hann verður það stór að beita þurfi flóknum úrræðum. Það er hægt að gera með því að styrkja börnin félagslega, ná til þeirra sem þurfa stuðning og búa til stuðningsnet til að styðja þau og gefa þeim jöfn



tækifæri á við önnur börn. Í þessu samhengi er viðvera forvarna- og félagsmálafulltrúa inni í skólunum mikilvæg þannig að þeir geti hitt börnin t.d. í frímínútum eða í félagsmiðstöðinni inni í skólanum. Stöðugildum hefur hinsvegar verið fækkað á miðstigi. Þau hafa farið úr þremur 70% stöðum í tvær 85% stöður. Það hefur haft þær afleiðingar að skera hefur þurft þjónustuna niður. Þetta er slæm þróun þar sem það kemur sterkt fram í sérfræðiviðtölunum að leggja þurfi frekari áherslu á að efla forvarnir á miðstigi.

**Leitarstarfið þarf að vera öflugt.** Það er mikilvægt að finna þá einstaklinga sem eru útundan, eru hvergi, þar sem þeir þrífast ekki í neinu íþrótt- eða félagsstarfi. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, frá félags- og barnamálaráðherra og stefna um barnvænt Ísland sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda á að minnka líkur á því að börn falli á milli kerfa. Þar er gert ráð fyrir meiri forvarnavinnu með börnin inni í skólunum. Samstarf skóla, forvarnarteymis og foreldra er því mikilvægt. Í viðtölunum kom fram að það þyrfti að bæta upplýsingaflæði á milli námsráðgjafa og forvarna- og félagsmálaráðgjafa. Aukin viðvera forvarna- og félagsmálaráðgjafa inni í skólunum ásamt góðu upplýsingaflæði og samstarfi við lykilstarfsfólk skólanna eykur líkur á því að hægt sé að finna og styðja vel við börn sem þurfa aðstoð. Með snemmtækri íhlutun dregur úr líkum á því að beita þurfi íþyngjandi aðgerðum og minni þörf verður á flókinni sérfræðiþjónustu.

Eins og staðan er núna eru forvarna- og félagsmálaráðgjafarnir starfsmenn samfélagssviðs sem koma inn í skólana sem „gestir.“ Skýrsluhöfundar vilja benda á mikilvægi þess að **viðvera forvarna- og félagsmálaráðgjafanna í skólunum aukist og verði formfest** án þess að samstarf innan forvarnarteymisins minnki. Einnig er mikilvægt að það sé formfest og skilgreint hvaða verkefnum þeir eigi að sinna inni í skólunum. Mikilvægt er að hagsmunir barnanna ráði för í þeirri vinnu enda í anda nýrra draga að forvarnastefnu bæjarins.

Skólastjórnendur virðast hafa nokkuð frjálssar hendur varðandi það hverskonar aðstöðu félagsmiðstöðvar fá til afnota og hversu mikið þeir starfa með forvarna- og félagsmálaráðgjöfum. Þannig má segja að forvarnarstarf af hendi Akureyrarbæjar standi öllum börnum á Akureyri til boða en grunnskólarnir hafi síðan mikið um það að segja hvaða þjónusta er veitt inn í skólana. Hér er hætta á að samstarfið mótist af persónum og leikendum en ekki sé unnið faglega eftir ferlum eða ákveðnum viðmiðum. Þetta þarf að formgera betur. Samkvæmt upplýsingum skýrsluhöfunda er í gangi vinna innan

samfélags- og fræðsluviða þar sem verið er að reyna að formfesta aðstöðuna svo það sé **viðurkennt að félagsmiðstöðin hafi afnot af hentugu rými innan skólanna**. Þar sé einnig verið að taka saman þau verkefni sem að forvarnaráðgjafarnir eiga að vinna fyrir skólana. Eins og staðan er í dag er aðstaða félagsmiðstöðvanna mjög mismunandi á milli skóla og hana þarf að bæta í ákveðnum skólum.

Eitt af megininntökum í framkvæmdaáætlun forvarna Akureyrarbæjar er að foreldrar gegni lykilhlutverki í forvörnum. Foreldrar eru mikilvægastir í lífi barna sinna og þar af leiðandi er lögð áhersla á að styðja þá í hlutverki sínu og þannig auka möguleika þeirra á að styðja börnin sín. Stundum þurfa þeir fræðslu og stuðning til að geta aðstoðað barnið. Með **öflugri fræðslu til foreldra** standa vonir til að minnka megi líkur á að grípa þurfi til snemmtækrar íhlutunar af hendi forvarnarteymis og skóla. Slíkan stuðning þarf að veita snemma, jafnvel í leikskóla eða þegar barn hefur grunnskólagöngu. Hægt er að útfæra slíkan stuðning á margvíslegan hátt. Í viðtölunum komu fram hugmyndir t.d. með afslátt af leikskólagjaldi í byrjun skólagöngu gegn því að foreldrar mæti á námskeið. Þá mætti hugsa sér að í upphafi grunnskólagöngu væri það hluti af prógramminu að foreldri sækti námskeið um uppeldi og forvarnir.

Viðmælendur sem vinna að forvörnum barna bentu á að nú, á tímum heimsfaraldurs, fælist stærsta áskorunin í að halda uppi starfinu með rafrænum hætti og tapa ekki einstaklingum sem þyrftu nauðsynlega á stuðningi að halda. Það væri líka ákveðin áskorun fólgin í því að forvarna- og félagsmálaráðgjafar væru sýnilegir og að foreldrar barnanna vissu hverjir væru að vinna með börnunum þeirra og hvað börnin væru að gera í félagsmiðstöðvunum.

Markmið síðustu ára samkvæmt forvarnarteyminu hefur verið að auka fagmennsku og fjölga matsþáttum þegar kemur að forvarnarstarfinu. Hluti af árangri í forvarnarstarfi meðal barna- og unglinga byggist m.a. á mikilvægi þess að byggja upp traust á milli ráðgjafanna og barnanna. Mikil starfsmannavelta getur þannig auðveldlega bitnað á faglegu starfi en undanfarin 2-3 ár hefur verið lítil starfsmannavelta meðal forvarna- og félagsmálaráðgjafanna. Ein birtingarmynd aukinnar fagmennsku kemur fram í þeirri áherslu sem forvarnarteymið leggur á að nýta sér margvíslegar rannsóknaniðurstöður í sínu starfi. Þá vinna forvarna- og félagsmálaráðgjafar eftir framkvæmdaáætlun forvarna sem er þeirra sameiginlega verkfæri til að tryggja að unnið sé eftir gildandi stefnum og

markmiðum á hverjum tíma. Mikilvægt er í þessu samhengi að áhersla sé á góða stjórnun og formfestu í allri vinnu og að skráningar séu markvissar.

### ***Stefnur í málaflokknum og samþætting þeirra.***

Viðmælendur nefndu **samþættingu og meira samstarf** og eitt svar við því er mælaborðið sem nú er í þróun. Það **þarf að taka saman niðurstöður rannsókna og vinna með þær á einum stað**, þ.e. niðurstöður Skólapúlsins, niðurstöður Rannsókna- og greiningar, upplýsingar frá barnavernd o.s.frv. Uppfæra þarf upplýsingarnar jafnóðum til að sýna stöðuna eins og hún er á hverjum tíma. Þetta er sá vegvísir sem forvarnarteymið hefur til að geta brugðist strax við þeim vanda sem steðjar að ungmennum á líðandi stundu. Enn fremur er kominn tími á **endurskoðun á ytri ramma forvarnanna**. Það þarf að horfa á hann í víðara samhengi en hingað til hefur verið gert og það endurspeglast í þeim drögum sem nú liggja fyrir að nýrri forvarnastefnu bæjarins. Heilsueflandi- og barnvænt sveitarfélag þarf að samþætta forvarnarmálunum og taka það sem börnin eru að óska eftir inn í þessar stefnur, þ.e. forvarnir og lýðheilsu ásamt ákalli barna að aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Það þarf að ná betur utan um þessa samþættingu og þar geta Heilsueflandi sveitarfélag- og skóli hjálpað til.

Forvarnarstarf byggir á því að vinna með fólki og mannleg samskipti getur verið erfitt að mæla með hefðbundnum mælikvörðum. Viðmælandi benti á að árangur af forvarnarstarfi kemur oft á tíðum ekki fram fyrr en mörgum árum síðar. Honum fannst stundum fullmikil óþolinmæði eftir því að sjá mælanlegan árangur af starfinu.

Mér finnst við full mikið eyða tíma í að sanna tilverurétt okkar fyrir bæjarpólitíkusum í stað þess að fókusa á það sem við erum að gera, erum oft að gera hluti sem er erfitt að mæla eða sýna fram á, er ekki alltaf mælanlegt hvað þetta gefur krökkunum þau sjá eftir kannski 5-10 ár hvað tólmstundin gaf þér.

Það er ljóst að nýjustu rannsóknaniðurstöður koma að miklu gagni, mælingar sérfræðinganna sjálfra á starfinu sömuleiðis en mannlegi þátturinn verður samt sem áður ætíð til staðar.

## 6. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Heilt yfir er Akureyrarbær að vinna metnaðarfullt og gott starf í forvarnarmálum barna og ungmenna. Mikið frumkvöðlastarf hefur verið unnið undanfarin ár. Má þar nefna að Akureyri var fyrsta barnvæna sveitarfélagið á Íslandi samkvæmt skilgreiningu UNICEF. Skýrsluhöfundar fundu fyrir jákvæðni og samstarfsvilja í viðtölum við sérfræðinga í málaflokknum. Í viðtölunum var eftirtektarvert hve mikill metnaður og áhugi var á málaflokknum og sameiginleg sýn að heildarmarkmiðinu, nefnilega að vinna í þágu farsældar barna. Akureyrarbær hefur á að skipa vel menntuðu forvarnarteymi sem vinnur náði með forstöðumanni forvarna- og frístunda. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að auka teymisvinnu, sem endurspeglast í Litla- og Stóra forvarnarteymunum sem og Skólasmiðjuverkefninu, svo dæmi séu tekin. Jafnframt má segja að ein helsta þróunin í átt að árangursríkara og faglegra starfi liggja í því að safna og nota nýjustu rannsóknarniðurstöður á markvissan hátt til að móta starfið ásamt því að vinna í verkefnamiðuðum teymum þvert á svið þó enn sé talsvert í land þar.

Forvarnarstarf Akureyrarbæjar er um margt til fyrirmyndar þótt það séu ætíð tækifæri til úrbóta. Árangur forvarna verður ekki að öllu leyti mældur með hefðbundum mælieiningum. Það er mjög flókið að mæla árangur í forvarnarstarfi þar sem forvarnir eru langtímaverkefni og langtímafjárfesting, þar sem árangur kemur oft í ljós eftir langan tíma. Þær áskoranir sem málaflokkurinn stendur frammi fyrir eru nokkrar eins og fram hefur komið. Hér er gerð stutt samantekt á þeim þáttum sem sérstaklega mætti huga að:

- Efla forvarnarstarf á miðstiginu.
- Efla leitarstarfið inni í skólunum og grípa inn í fyrr en gert er.
- Forvarna- og félagsmálaráðgjafar hafi meiri viðveru inni í skólunum.
- Tryggja að félagsmiðstöðvar hafi hentugt rými fyrir starfseminu og að hlutverk forvarna- og félagsmálaráðgjafa verði betur skilgreint í samstarfi við grunnskólann.
- Efla foreldrafræðslu og samstarf við foreldra.
- Tryggja eftirfylgni með börnum eftir grunnskóla þannig að ekki verði rof á milli grunn- og framhaldsskóla. Ungmennahús og Virkið gegna þar lykilhlutverki.

- Bæta skráningar, utanumhald og formfestu í starfsemi Ungmennahús og Virkisins svo að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hafi náðst.
- Vinna markvissara með gögn, rannsóknir og mælingar. Það er liður í innleiðingu og uppbyggingu mælaborðsins. Markmið mælaborðsins þurfa að vera skýr og hvernig vinna á með þau gögn sem þar er safnað.
- Efla samstarf og samþættingu á milli sviða Akureyrarbæjar og endurskoða ytri ramma forvarna. Endurskoðuð forvarnastefna þarf að líta dagsins ljós og til að hún nái markmiði sínu þarf að vinna henni brautargengi þvert á svið þannig að í henni verði sú kjölfesta sem henni er ætlað. Margar stefnur og verkefni eru í gangi innan stjórnslu bæjarins sem virðast hafa talsverða skörun, með betri samþættingu mætti ná frekari árangri og betri nýtingu á mannauði.

Það er mikilvægt að staldra við og fá yfirsýn yfir hvaða stefnur og verkefni er verið að innleiða. Hver er tilgangurinn og hver eru markmiðin? Hverju eiga þau að skila? Er verið að vinna markvisst og skipulega eftir þessum stefnum? Er skörun á milli verkefna/stefna? Er verið að nýta mannauðinn á milli ólíkra sviða? Skýrsluhöfundar telja að brýnt sé að samþætta stefnur og tryggja að innleiðing þeirra skili ákveðinni festu og eignarhaldi þannig að stefnur og verkefni nái tilætluðum árangri. Ekki er síður mikilvægt að þær séu endurskoðaðar og uppfærðar reglulega í takt við breytingar í samfélaginu.

Farsældarfrumvarpið gefur tóninn að þeirri samþættingu sem hér er lögð til. Við berum sameiginlega ábyrgð á öllum börnunum og þá skiptir ekki máli við hvaða deild við störfum. Allt eru þetta okkar börn. Það ætti að vera sameiginlegt markmið allra sem koma að forvörnum að greiða götu barna til þroska, góðrar heilsu og félagslífs þannig að þau komi út í lífið sem heilsteyptir einstaklingar.

## 7. ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

### Húsnæði/aðstaða

- Aðstaða félagsmiðstöðvanna – húsnæði og gæði þess
- Nýting á aðstöðunni og sókn í þá viðburði og starf sem þar fer fram
- Mælingar á ánægju og virkni

### Fagmennska

- Fjöldi sérmenntaðra starfsmanna (forvarna- og félagsmálaráðgjafar)
- Fjöldi námskeiða/fyrirlestra í boði
- Foreldrasamstarf
- Verkefnamiðað samstarf

### Rekstur

- Fjármagn til forvarnarmála barna og ungmenna
- Stöðugildi
- Nýting á fjármagni (samstarfsverkefni á milli sviða)

### Líðan ungmenna

- Mælaborðið. T.d. árlegar rannsóknaniðurstöður t.d. Rannsóknir og greining, Skólapúlsinn/Vogin
- Skólasmiðjan (þörf fyrir úrræðið), tilkynningar frá barnavernd
- Ungmennahús og Virkið (mælingar á starfinu)
- Virkni, nýting á frístundastyrk
- Eigin mælingar, t.d. mælingar forvarnarteymisins

## 8. HEIMILDIR

Akureyrarbær. (2010, maí). *Ungmennaráð Akureyrar*.

<https://www.akureyri.is/is/frettir/ungmennarad-akureyrar>

Akureyrarbær. (2011). *Forvarnarstefna Akureyrarbæjar*.

<https://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Forvarnir/forvarnastefna.pdf>

Akureyrarbær. (2018). *Framkvæmdaráætlun forvarna 2018-2019*. Óbirt.

Akureyrarbær. (2019-a). *Ársskýrsla FÉLAK forvarnir og félagsmiðstöðvar á Akureyri*. Óbirt.

Akureyrarbær. (2019-b). *Ungmenna-húsið í Rósenborg*. Óbirt.

Akureyrarbær. (2019-c). *Skýrsla og aðgerðaráætlun, innleiðing barnasáttmála sameinuðu þjóðanna*.

<https://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Barnvaent/barnasattmali-innleiding-samthykkt-i-baejarstjorn-22.01.19.pdf>

Akureyrarbær. (2020-a). *Lokaskýrsla barnvænt sveitarfélag*.

<https://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Barnvaent/lokaskyrsla-barnvaens-sveitarfelags-akureyri.pdf>

Akureyrarbær. (2020-b). *Ungmenna-húsið í Rósenborg*.

<https://fundargatt.akureyri.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=AbAKHYymEyZt0cmKq6N4wC&meetingid=Gca0ibhgD0KHMYOObUd7sA1&filename=%C3%81rshlutask%C3%BDrslaUHvor %202020.pdf&cc=Document>

Akureyrarbær. (2020-c). *Vorskýrsla FÉLAK*.

[https://fundargatt.akureyri.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=z9WAvbdHbkmxFli9OXHbcAC&meetingid=OYpDQh829UKYgEAa3\\_5hQQ1&filename=F%C3%A9lak%20vorsumar%202020.pdf&cc=Document](https://fundargatt.akureyri.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=z9WAvbdHbkmxFli9OXHbcAC&meetingid=OYpDQh829UKYgEAa3_5hQQ1&filename=F%C3%A9lak%20vorsumar%202020.pdf&cc=Document)

Akureyrarbær. (2021-a). *Barnameningarhátíð á Akureyri 2021*.

<https://www.visitakureyri.is/is/barnameningarhatid>

Akureyrarbær. (2021-b, janúar). *Forvarnarstarf*.

<https://www.akureyri.is/is/thjonusta/velferd-og-fjolskyldan/born-og-unglingar-forvarnirvinnuskoli/forvarnir>

Akureyrarbær. (2021-c, janúar). *Mælaborð um velferð barna*.

<https://www.akureyri.is/is/frettir/maelaborð-um-velferd-barna>

Akureyrarbær. (e.d.-b). *Stefna Akureyrarbæjar í forvarnar- og lýðheilsumálum 2019-2023*. Óbirt.

Akureyrarbær. (e.d.-c). *Handbók FÉLAK*.

<https://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Felagsmidstodvar/handbok-felak.pdf>

Akureyrarbær. (e.d.-d). *Skólasmíðja samningsdrög*. Óbirt.

Akureyrarbær. (e.d.-f). *Sýning: Úti er ævintýri*.

<https://www.visitakureyri.is/is/vidburdadagatal/syning-uti-er-aevintyri>

Embætti landlæknis. (2015, september). *Heilsueflandi samfélag á Akureyri*.

<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item27535/Heilsueflandi-samfelag-a-Akureyri>

Embætti landlæknis. (2017, apríl). *Heilsueflandi grunnskóli*.

[https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi\\_grunnskoli](https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli)

Embætti landlæknis. (2018, júní). *Heilsueflandi samfélag*.

<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>

Embætti landlæknis. (2020, júní). *Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum*.

<https://www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsoknir/tolfraedi/lydheilsuvisar/>

Íþróttabandalag Akureyrar. (2017, desember). *Íþróttastefna Akureyrar og ÍBA*.

<https://www.iba.is/is/um-iba/ithrottastefna-akureyrar-og-iba>



Jóhanna Líf Halldórsdóttir. (2020). *Samfélagslegur kostnaður vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna*. Háskóli Íslands.

Lovísa Arnardóttir. (2020, 30. nóvember). „Þegar áföllunum fjölgar er málið orðið alvarlegra“. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/markadurinn/thegar-afollunum-fjolgar-er-malid-ordid-alvarlegra/>

Samfélags- og mannréttindaráð. (2010). *Forvarna- og æskulýðsmál*. <https://www.akureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/rosenborg/pdf/Forvarna-og-aeskulydsmal-starfsskra.pdf>

Stjórnarráð Íslands. (2020, maí). *Akureyrarbær hlýtur viðurkenningu sem fyrsta barnvæna sveitarfélagið á Íslandi*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/05/27/Akureyrarbaer-hlytur-vidurkenningu-sem-fyrsta-barnvaena-sveitarfelagid-a-Islandi/>

Þingskjal nr. 440/2020-2021. frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Æskulýðslög nr. 70/2007.

## 9. VIÐAUKAR

Viðauki 1, Virkið Samstarfssamningur

Viðauki 2, Upplýsingabæklingur fyrir foreldra um fræðslu fyrir grunnskólanema

Viðauki 3, Fyrirkomulag Forvarnarteyma